

Sp.**876. Skýrsla****[487. mál]**

félagsmálaráðherra um 75. alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1988.

(Lögð fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89.)

1. INNGANGUR

Árið 1988 var afmælisár í sögu Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar (ILO). Þess var minnst að 40 ár voru liðin frá því að Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi eina af merkustu samþykktum stofnunarinnar nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess. Þess var einnig minnst að 40 ár voru liðin frá samþykkt mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Alþjóðavinnumálastofnunin og vernd mannréttinda, einkum barátta fyrir auknu félagslegu réttlæti, hefur frá upphafi verið samofin starfsemi stofnunarinnar. Í þessu sambandi má minna á svonefnda Filadelfiuyfirlýsingu 26. Alþjóðavinnumálaþingsins frá árinu 1944, um hlutverk og markmið Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þar segir að stofnunin byggi starfsemi sína á þeim grundvallarsjónarmiðum að vinna sé ekki verslunarvara, málfrelsi og félagafrelsi séu frumskilyrði framfara og að fátækt stofni hagsæld í voða. Enn fremur að baráttu gegn skorti þurfi að heyja innan sérhvers þjóðfélags með óbilandi þrótti og samræmdri alþjóðasamvinnu þar sem fulltrúar atvinnurekenda og launafólks eru jafnréttiháir fulltrúum ríkisstjórna.

Þótt þess væri minnst á viðeigandi hátt að 40 ár eru liðin frá því að mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna sá dagsins ljós gerðist fleira á 75. Alþjóðavinnumálaþinginu. Þingið afgreiddi tvær merkar alþjóðasamþykktir. Önnur fjallar um öryggi og hollustu í byggingariðnaði. Markmið hennar er að draga úr fjölda slysa í byggingariðnaði með ýmsum verndar- og varnaraðgerðum, t.d. í sambandi við meðferð tækja og annars búnaðar sem notaður er á byggingarstað. Hér er um að ræða mjög áhugaverða alþjóðasamþykkt og verður það tekið til athugunar hvort ekki sé rétt að leitað verði eftir heimild til þess að hún verði fullgilt af hálfu Íslands.

Hin alþjóðasamþykktin er um atvinnuuppbyggingu og vernd gegn atvinnuleysi. Samþykktinni er ætlað að koma í stað eldri samþykktar um atvinnuleysisbætur, m.a. samþykkt nr. 44, um bætur eða styrki til þeirra sem eru atvinnulausir gegn vilja sínum, og er hún frá árinu 1934. Eldri samþykktin er því komin til ára sinna og þótti á mörgum sviðum vera úrelt.

Þess skal getið að ekki er ólíklegt að árið 1989 marki tímamót í sögu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þar skipti ekki mestu að stofnunin verður 70 ára heldur hitt að á árinu lætur Francis Blanchard, forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, af starfi sínu eftir 15 ára farsæla þjónustu við aðildarríki ILO. Þegar þetta er skrifað hefur nýr forstjóri verið valinn. Nafn hans er Michel Hansenne, Belgíumaður, fæddur 23. mars 1940. Hann lauk doktorsprófi í lögum við Université de l'Etat de Liège. Hansenne hefur setið á belgíska þinginu frá árinu 1974 og verið ráðherra frá í apríl 1979. Meðal annars var hann vinnumálaráðherra á árunum 1981 til 1988.

2. 75. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAPINGIÐ 1988

2.1. SKIPULAG OG PÁTTAKA

75. Alþjóðavinnumálapingið var haldið í Þjóðabandalagshöllinni í Genf dagana 1. til 22. júní. Þingforseti var kjörinn vinnumálaráðherra Þýska alþýðulýðveldisins, Wolfgang Beyreuther. Þetta var í fyrsta skipti í 60 ár að fulltrúi frá Austur-Evrópu var kosinn þingforseti. Þrjár varaþingforsetar voru kjörnir, einn fulltrúi frá hverjum hópi sem situr þingið. Úr hópi fulltrúa ríkisstjórna var kjörinn Smith frá Jamaíku. Varaþingforseti úr hópi atvinnurekenda var kjörinn Tsujino frá Japan. Fulltrúi launafólks á stóli varaþingforseta var kjörinn Adiko frá Filabeinsströndinni.

Fleiri tóku þátt í þessu þingi en í 73. þinginu. Samtals tóku þátt í þinginu um það bil 1900 fulltrúar, þar með taldir 117 ráðherrar. Alls sendu 141 aðildarríki af 157 fulltrúa til þingsins.

Gestir forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Francis Blanchard, voru að þessu sinni forseti Filippseyja, Corazon Aquino, forsætisráðherra Spánar, Felipe Gonzalez, og forseti SWAPO, Sam Nujoma.

Sendinefnd Íslands á þinginu skipuðu eftirtaldir:

Frá félagsmálaráðuneyti: Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra, Hallgrímur Dalberg ráðuneytisstjóri og Gylfi Kristinsson deildarstjóri. Frá utanríkisráðuneyti: Sverrir Haukur Gunnlaugsson sendiherra. Varamaður var Kristinn F. Árnason sendiráðsritari. Fulltrúi atvinnurekenda: Jón Magnússon, lögfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands. Fulltrúi launafólks: Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands.

Félagsmálaráðherra flutti ræðu á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálapingisins sem er birt í heild sem fylgiskjal V. Ráðherra átti einnig fundi með forsvarsmönnum alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, þar á meðal forstjóranum, Francis Blanchard, og varaforstjóranum, Bertil Bolin.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

1. Skýrsla forstjóra og stjórnarnefndar.
2. Fjármál.
3. Upplýsingar og skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykktar og tillagna.
4. Öryggi og hollustuhættir í byggingariðnaði (síðari umræða).
5. Aukin atvinna og vernd gegn atvinnuleysi (síðari umræða).
6. Endurskoðun samþykktar nr. 107, um vernd frumbyggja (fyrri umræða).
7. Atvinna í dreifbýli (almenn umræða).
8. Kynþáttaaðskilnaðarstefnan í Suður-Afríku.
9. Tillögur til þingsályktunar.

Fjallað var um dagskrárlíði 2–9 í þingnefndum. Einnig var fjallað um kjörbréf, þingsköp og málefni sem snertu framvindu þingsins í sérstökum þingnefndum. Fulltrúar Íslands tóku þátt í fjárhagsnefnd, nefnd sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykktar og ályktunarnefnd.

2.2. SKÝRSLA FORSTJÓRA

Skýrsla forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Francis Blanchard, er aðalurmæðufnið á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálapingisins. Umræður á allsherjarþinginu fara fram samhliða störfum í þingnefndum. Skýrsla forstjórans er tvískipt. Í fyrri hluta skýrslunnar fjallar hann um málefni sem snertir afmarkað svið vinnumála. Í seinni hlutanum er gerð grein fyrir starfsemi alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Sviss og skrifstofum stofnunarinnar í öðrum löndum.

Í fyrri hluta skýrslu sinnar til 75. Alþjóðavinnumálapingisins kaus forstjórinn að fjalla um þróun mannréttinda í heiminum. Aukin mannréttindi eru eitt þeirra málefna sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur frá upphafi beitt sér fyrir. Á þeim tæplega 70 starfsárum stofnunar-

innar hafa mannréttindi í viðum skilningi komið reglulega til umræðu á Alþjóðavinnumálaþinginu. Við þau tækifæri hefur verið litið yfir sviðið og kannað hvernig hafi miðað í mannréttindamálum í heiminum. Að þessu sinni minntist hann þess að 40 ár voru liðin frá samþykkt mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.

Í skýrslunni gerir forstjórinn m.a. að umtalsefni mannréttindi í Suður-Afríku og á hernumdu svæðunum í Palestínu.

Einnig er fjallað í skýrslunni um nokkrar ILO samþykktir sem hafa afgerandi þýðingu á sviði mannréttinda. Meðal þeirra er samþykkt nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess. Fram kemur að síðastliðin 10 ár hafa 22 ríki bæst í hóp þeirra sem áður höfðu fullgilt þessa grundvallarsamþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Enn eiga rúmlega 50 aðildarríki eftir að fullgilda samþykktina 40 árum eftir að hún var afgreidd af Alþjóðavinnuálagningu.

Samtals tóku 285 ræðumenn þátt í umræðum um skýrslu forstjórans, þar af 117 ráðherrar. Í þeim hópi var félagsmálaráðherra Íslands.

Í ræðu sinni fagnar félagsmálaráðherra því að forstjórinn hafi gert mannréttindi að viðfangsefni skýrslu sinnar og með þeim hætti minnst 40 ára afmælis mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Ráðherra fjallaði um ástandið í Suður-Afríku og greindi frá því að íslenska ríkisstjórnin hafi tekið eindregna afstöðu gegn Apartheid-stefnunni og átt samvinnu við aðrar ríkisstjórnir Norðurlandanna um virka andstöðu gegn henni. Fram kom hjá félagsmálaráðherra að stjórnvöld hafi gripið til ýmissa aðgerða í þessu sambandi og benti sérstaklega á það að í apríl 1988 hafi Alþingi Íslendinga samþykkt að setja viðskiptabann á Suður-Afríku.

Fram kom í ræðunni að í þeim heimshluta sem Ísland tilheyrir hafi grundvallarmannréttindi eins og tjáningarfrelsi og félagafrelsi lengi verið í hávegum höfð. Við þær aðstæður væru áherslur nokkuð aðrar en meðal þjóða sem enn eiga eftir að innleiða þau réttindi. Ráðherra benti á baráttuna fyrir jafnrétti kynjanna sem dæmi um þetta. Hún væri angi af mannréttindabaráttu. Á Íslandi snerist hún fyrst og fremst um jafnrétti kynjanna á vinnumarkaðinum hvað varðaði kaup og kjör.

Félagsmálaráðherra gerði einnig að umtalsefni nokkur þeirra málefna sem voru á dagskrá vinnuálagingsins. Meðal annars fjallaði hann um drög að nýrri samþykkt um öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði. Ráðherra sagði að slys í byggingariðnaði væru allt of mörg á Íslandi. Íslensk stjórnvöld hafi með ýmsum hætti reynt að draga úr slysatíðni í þessari atvinnugrein. Í gildi væru ítarleg lög um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Vinnueftirlit ríkisins hafi hert eftirlit með því að farið sé eftir ákvæðum þessara laga, sérstaklega á vinnustöðum í byggingariðnaði. Ráðherra lýsti þeirri skoðun sinni að á þessu sviði verði að leita nýrra leiða. Ný alþjóðasamþykkt og tillaga á þessu sviði yrði án efa mikilvægt framlag til slysavarna í byggingariðnaðinum.

Ráðherra lýsti áhyggjum sínum yfir fjárhagsmálum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Slæmur fjárhagur stofnunarinnar leiddi til þess að draga yrði úr aðstoð og þjónustu. Það kæmi fyrst og fremst niður á þeim sem síst skyldi, þjóðum sem annaðhvort eru fámennar eða fátækar en þær þurfa oftast á mestri aðstoð að halda. Ráðherra minnti á að þessar þjóðir bæru í mörgum tilvikum kostnað umfram önnur aðildarríki vegna þátttöku í ILO.

Ræða félagsmálaráðherra er birt í heild sinni sem fylgiskjal V með þessari skýrslu.

Á síðustu dögum þingsins heldur forstjórinn ræðu þar sem hann dregur saman helstu atriðin úr umræðum um skýrsluna. Að þessu sinni vísaði hann til þess sem hafði komið fram í ræðum Felipe Gonzales og Corazon Aquino en þau höfðu bæði lagt mikla áherslu á stuðning við starfsemi ILO. Forstjórinn vakti athygli á því að þau ættu það sameiginlegt að hafa tekið virkan þátt í að koma á lýðræðislegum stjórnarháttum í löndum sínum. Hann lýsti ánægju sinni með það að ýmis lönd, sem ekki hefðu áður verið reidubúin að taka þátt í umræðum um mannréttindamál, hefðu nú lýst sig tilbúin til slíkra umræðna.

Í ræðu sinni gat Blanchard þess að mannréttindamál hefðu ekki einungis verið rædd á allsherjarþingi vinnumálaþingsins. Þau hefðu einnig verið til umfjöllunar í þingnefndinni sem fjallaði um framkvæmd alþjóðasamþykktta. Þess má geta að við almennar umræður í þeirri nefnd flutti fulltrúi Íslands ræðu fyrir hönd Norðurlandanna.

Blanchard gerði grein fyrir starfi annarra þingnefnda í ræðunni. Hann benti á að endurskoðun samþykktar nr. 107, um vernd frumbyggja, snerti hag um það bil 300 milljóna manna. Einnig fjallaði hann um nefnd varðandi aukna atvinnu í dreifbýli og nefnd um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku. Forstjórinn kvaðst vilja fullvissa þingheim um það að Alþjóðavinnuálastofnunin léti ekki deigan síga í baráttunni gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku og Namibíu.

2.3. UMRÆÐUR UM KJÖRBRÉF

Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnuálastofnunarinnar skal kjósa við upphaf sérhvers vinnumálaþings nefnd sem fer yfir kjörbréf þingfulltrúa. Í nefndinni eiga einungis sæti þrír fulltrúar og er hún því fámennasta nefnd þingsins. Að þessu sinni voru eftirtaldir kosnir til setu í nefndinni: Formaður var kjörinn ríkisstjórnarfulltrúi frá Japan, Nakamura. Fulltrúi atvinnurekenda var Erik Hoff frá Noregi og fulltrúi launafólks John Svenningsen frá Danmörku.

Meðal þess sem nefndin vakti athygli á var að í sendinefndum tveggja aðildarríkja voru einungis ríkisstjórnarfulltrúar. Þessi lönd voru Kostaríka og Dóminíska lýðveldið. Að auki lét eitt aðildarríki, Saír, undir höfuð leggjast að hafa fulltrúa atvinnurekenda í sendinefndinni. Í sendinefnd Lesótós vantaði hins vegar fulltrúa launafólks. Nefndin samþykkti að vekja athygli þessara ríkisstjórna á nauðsyn þess að senda fullskipaðar sendinefndir á Alþjóðavinnuálaþingið.

Fram komu nokkrar kærur um skipun sendinefnda. Fram kom kæra um skipun fulltrúa launafólks í sendinefndum Bahamaeyja og Filippseyja. Seta ráðgjafa atvinnurekenda í sendinefnd Perú var kærð. Einnig skipun fulltrúa launafólks í sendinefndum Grikklands, Nikaragva, Póllands og Síle. Enn fremur skipun fulltrúa atvinnurekenda í sendinefnd Nikaragva.

Þegar nefndin er sammála um að viðurkenna kjörbréf getur allsherjarþingið ekki breytt þeirri niðurstöðu. Að þessu sinni varð nefndin sammála um að taka öll kjörbréf gild.

2.4. FJÁRMÁL

Fjármál Alþjóðavinnuálastofnunarinnar eru rædd í sérstakri þingnefnd sem eingöngu er skipuð fulltrúum ríkisstjórna. Aðalviðfangsefni nefndarinnar voru: 1) Réttur Póllands og Tsjad til að greiða atkvæði. 2) Kerfi sem felur í sér afslátt til þeirra aðildarríkja sem greiða árgjald á tilsettum tíma. 3) Breytingar á fjárhagssáætlun árána 1988 og 1989. 4) Aukaframlag í vararekstrarsjóð.

Atkvæðisréttur Póllands og Tsjad.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar glatar aðildarríki atkvæðisrétti ef það skuldar árgjald í tvö ár eða meira. Ef Alþjóðavinnuálaþingið kemst að þeirri niðurstöðu að skuldin stafi af aðstæðum sem hlutaðeigandi aðildarríki gat ekki stjórnað er heimilt að veita aðildarríkinu engu að síður atkvæðisrétt enda sé það samþykkt af $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða á allsherjarþinginu.

Tsjad skuldar Alþjóðavinnuálastofnuninni árgjald fyrir sl. 20 ár, samtals 98.000 bandaríkjadali. Árið 1983 gerði ríkisstjórn landsins samning við ILO um jafnar afborganir af skuldinni. Við þennan samning hefur verið staðið. Við atkvæðagreiðslu á allsherjarþinginu var samþykkt með 384 atkvæðum gegn einu að veita Tsjad atkvæðisrétt.

Samskipti Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og Póllands hafa verið stíð undanfarin ár. Árið 1983 gaf ríkisstjórn Póllands til kynna úrsögn úr stofnuninni, m.a. vegna kröfu ILO um

að verkalýðshreyfingin Samstaða fengi að starfa óáreitt. Árið 1987 barst stofnuninni bréf frá pólsku ríkisstjórninni þar sem úrsögnin var dregin til baka. Hins vegar hefur landið vanrækt að greiða árgjald og skuldar rúmlega 9 milljónir bandaríkjadala. Í þessu tilviki hefur einnig verið gengið frá samningi um jafnar greiðslur af skuldinni á næstu 20 árum, þannig að fjárhagsnefndin mælti með því að Pólland fengi atkvæðisrétt á þinginu. Allsherjarþingið samþykkti tillögu þingnefndarinnar með 325 atkvæðum gegn einu. Jafnframt var ákveðið að árgjald Póllands verði 0,65% af fjárhagsáætlun stofnunarinnar.

Nýtt kerfi til innheimtu árgjalds.

Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnuáætlunarinnar fellur árgjald til stofnunarinnar í gjaldaga 1. janúar. Í raun greiða fá aðildarríki árgjaldið á tilsettum tíma. Í maílok 1988 höfðu einungis 43 aðildarríki greitt árgjaldið fyrir árið 1988 að fullu. Að auki höfðu 18 aðildarríki greitt hluta árgjalds. Á þessum tíma höfðu einungis borist 56% af heildarupphæð árgjaldanna eða rúmlega 66 milljónir bandaríkjadala. Öll Norðurlöndin voru í hópi þeirra sem höfðu að fullu staðið við skuldbindingar sínar að þessu leyti. Það sama átti við um flest önnur vestræn iðnríki. Nokkra athygli vakti að Sovétríkin höfðu greitt árgjaldið svo til að fullu. Hins vegar höfðu Bandaríkin ekkert greitt af þeim 40 milljónum dala sem þeim bar að greiða á árinu 1988 og skulduðu að auki 13 milljónir dala vegna ársins 1987. Japan hafði ekki greitt 17 milljónir dala á tilskildum tíma. Auk þessara aðildarríkja eru fátæk lönd að meiri hluta á skránni yfir skuldunauta ILO.

Dráttur á greiðslu árgjalds skapar Alþjóðavinnuáætlunarinnar margvísleg vandamál. Því er brýnt að leita leiða sem hvetja aðildarríkin til að greiða árgjaldið á réttum tíma. Fyrir þinginu lá tillaga frá stjórnarnefndinni, sem hafði þar verið flutt af fulltrúum atvinnurekenda, um leið úr þeim ógöngum sem við er að etja í þessum efnunum. Samkvæmt tillögunni skulu 60% af þeim vaxtatekjum sem skapast vegna rétttra skila á árgjaldi koma hlutaðeigandi aðildarríki til góða en 40% leggjast inn á vararekstrarsjóð stofnunarinnar. Samkvæmt tillögunni skyldi þetta kerfi reynt í tvö ár.

Tillagan olli miklum umræðum í fjárhagsnefndinni. Fulltrúi Frakklands lagði til að allar vaxtatekjurnar kæmu hlutaðeigandi aðildarríki til góða. Þessi hugmynd var felld. Tuttugu voru á móti en tíu með.

Margir ræðumenn bentu á ástæður þess að aðildarríki greiddi ekki árgjaldið á réttum tíma, m.a. slæman efnahag. Í þessum hópi voru einkum fulltrúar Suður-Ameríku og voru þeir mjög gagnrýnir á tillöguna. Fulltrúar annarra þróunarlanda tóku undir þessi sjónarmið en voru reiðubúnir að reyna nýtt fyrirkomulag.

Flest vestræn ríki studdu tillöguna, m.a. Norðurlöndin. Eftir að breytingartillaga Frakka hafði verið felld samþykkti fjárhagsnefndin tillögu stjórnarnefndar með 50 atkvæðum gegn átta. Bandaríkin greiddu atkvæði á móti. Á allsherjarþinginu var tillaga nefndarinnar samþykkt samhljóða.

Breytingar á fjárhagsáætlun fyrir árin 1988 og 1989.

Stjórnarnefnd alþjóðavinnuáætlunarinnar hafði lagt til nokkrar breytingar á gildandi fjárhagsáætlun. M.a. var lagt til að útgjöld samkvæmt heildarrekstraráætlun yrðu dregin saman um 1,9 milljónir bandaríkjadala, framlag úr vararekstrarsjóði aukið um 26 milljónir dala til að bæta upp samdrátt vegna óhagstæðs gengis dals í samanburði við svissneska frankann. Með þessum breytingum hefði niðurstöðutala fjárhagsáætlunarinnar fyrir árin 1988–1989 orðið 365 milljónir bandaríkjadala. Langar og harðar umræður urðu um tillögur stjórnarnefndarinnar sem náðu naumlega fram að ganga. Fulltrúi Svíþjóðar hafði orð fyrir ríkisstjórnarfulltrúum Norðurlandanna í nefndinni. Fulltrúi Íslands í nefndinni var Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

2.5. FRAMKVÆMD SAMÞYKKTA OG TILLAGNA

Í samræmi við stofnskrá Alþjóðavinnuálastofnunarinnar skal ein af fastanefndum Alþjóðavinnuálagingsins fjalla um framkvæmd aðildarríkanna á þeim alþjóðasamþykktum og tillögum sem vinnuálagin hafa afgreitt. Starf þingnefndarinnar er undirbúið af alþjóðavinnuálagaskrifstofunni og sérstakri nefnd sérfræðinga sem rannsakar skýrslur aðildarríkanna um framkvæmd alþjóðasamþykktanna sem að jafnaði eru gefnar á tveggja ára fresti, þ.e. aðildarríkin gefa árlega skýrslu um framkvæmd helmings fullgiltrar alþjóðasamþykktanna. Sérfræðinganefndin gefur út niðurstöður sínar í skýrslu sem er eitt af undirstöðuskjölunum í starfi þingnefndarinnar.

Að þessu sinni áttu sæti samtals 184 fulltrúar í nefndinni, þar af 100 fulltrúar ríkisstjórna, 34 fulltrúar atvinnurekenda og 50 fulltrúar launafólks. Auk þessara fulltrúa sátu fundi nefndarinnar 121 áheyrnarfulltrúi og 28 fulltrúar alþjóðasamtaka.

Formaður nefndarinnar var kosinn El Assars ríkisstjórnarfulltrúi frá Egyptalandi. Wisskirchen, atvinnurekendafulltrúi frá Sambandslýðveldinu Þýskalandi, og Houthuys, fulltrúi launafólks frá Belgíu, voru kosnir varaformenn eins og mörg undanfarin ár. Ríkisstjórnarfulltrúi Sviss, Elmiger, var kosinn ritari. Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands í nefndinni var Gylfi Kristinsson deildarstjóri. Jón Magnússon, fulltrúi íslenskra atvinnurekenda á þinginu, sat einnig í nefndinni.

Samtals hélt nefndin 21 fund þann tíma sem þingið stóð. Sumir fundir voru nokkuð langir og stóðu jafnvel fram yfir miðnætti.

Starf nefndarinnar hefst með almennum umræðum sem standa í tvo til þrjú daga. Þar næst er fjallað um framkvæmd tiltekinna samþykktanna eða tillagna sem stjórnarnefndin hefur samþykkt að taka til sérstakrar athugunar. Mestum hluta starfstíma nefndarinnar er varið í að ræða framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum. Sú vinnuregla hefur skapast að fulltrúar aðila vinnuálagans koma sér saman um 40 mál sem tekin eru til umfjöllunar í nefndinni á sérhverju vinnuálagi. Nefndin telst ekki hafa lokið störfum fyrr en sú málaskrá er tæmd og eins og áður sagði þarf oft að leggja nótt við dag til þess að það takmark náist.

Almennar umræður.

Við upphaf almennra umræðna lýsti nefndin yfir ánægju sinni með ákvörðun pólsku ríkisstjórnarinnar um áframhaldandi aðild að Alþjóðavinnuálastofnuninni. Fulltrúi pólsku ríkisstjórnarinnar greindi frá því að við ýmsa erfiðleika væri að etja í sambandi við framkvæmd á ákveðnum alþjóðasamþykktum, einkum þeirra sem snerta félagafrelsi. Hann kvað ríkisstjórn Póllands mundu vinna að því innan ekki alls of langs tíma að breyta löggjöf landsins á þann veg að hún bryti ekki í bága við alþjóðasamþykktir ILO.

Í tilefni þess að 40 ár voru liðin frá afgreiðslu mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna var lögð sérstök áhersla á umfjöllun um þær alþjóðasamþykktir Alþjóðavinnuálastofnunarinnar sem snerta mannréttindi. Þær eru alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, frá árinu 1948, og nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs, frá árinu 1958.

Í ræðum flestra fulltrúa kom fram velpóknun á starfi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar að því að koma á mannréttindum í heiminum og vernda þau. Sérstaklega var bent á vinnu sem lögð er í að skilgreina þessi réttindi og eftirlit með því að aðildarríkin uppfylli skyldur á þessu sviði. Margir ræðumanna vöktu athygli á þeim áhrifum sem þessar alþjóðasamþykktir hafa haft á löggjöf og venju í aðildarríkjunum, einkum að því er varðar félagafrelsi sem hafi stuðlað að betri aðbúnaði launafólks.

Nefndin var sammála um að mannréttindayfirlýsingin og samþykktir ILO á þessu sviði hefðu engu minni þýðingu nú á tímum og þegar þær voru afgreiddar. Hins vegar yrði að vera samræmi á milli orða og gerða. Það væri ekki nóg að semja texta um eflingu mannréttinda sem ekki væri farið eftir.

Í almennu umræðunum kom fram að 31. desember 1987 höfðu alþjóðavinnuáskrifstofunni borist samtals 5.308 fullgildingar á ILO samþykktum. Á árinu 1987 bárust jafnmargar fullgildingar og árið á undan eða 35. Ýmsum ræðumönnum fannst þessi tala lág og beindu þeim tilmælum til alþjóðavinnuáskrifstofunnar að hún kannaði ástæður þessa.

Fulltrúi Íslands tók þátt í umræðum undir þessum dagskrárlið og hafði orð fyrir öðrum fulltrúum ríkisstjórna Norðurlanda. Í ræðunni fjallaði hann almennt um gildi samþykktu ILO og fagnaði þeirri ákvörðun forstjóra alþjóðavinnuáskrifstofunnar að gera mannréttindi að viðfangsefni í ársskýrslu sinni til vinnumálapingsins. Einnig lauk hann lofsorði á skýrslu sérfræðinganefnarinnar sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykktu og sagði hana ein-kennast af réttisni og hlutlægum vinnubrögðum. Í ræðunni var lögð á það áhersla að sérfræðinganefnin héldi áfram að meta framkvæmd aðildarríkjana á alþjóðasamþykktum með sama hætti óháð þjóðskipulagi þannig að hugtök hefðu sama inntak alls staðar í heiminum.

Umfjöllun um framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum.

Eftir að þingnefndin hafði lokið umfjöllun um framkvæmd þeirra alþjóðasamþykktu sem voru að þessu sinni til sérstakrar athugunar hófst umfjöllun um framkvæmd einstakra ríkja á samþykktum. Eins og áður sagði vann nefndin eftir skrá yfir 40 mál sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu komið sér saman um.

Um tíma var nafn Íslands á drögum að þessari skrá vegna framkvæmdar á alþjóðasamþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu. Sérfræðinganefnd ILO hefur um árabil gert athugasemdir við 81. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, um agavald skipstjóra, og telur að ákvæði greinarinnar sé ekki í samræmi við samþykktina. Í skýrslu Íslands um framkvæmd samþykktarinnar, sem félagsmálaráðuneytið hafði tekið saman, er vísað til bréfs samgönguráðuneytisins og bent á að ákvæðið sé fyrst og fremst byggt á því ríkjandi sjónarmiði í íslensku þjóðfélagi að tryggja beri öryggi sjómanna og annarra sjófarenda eins og kostur er. Markmið þess væri að tryggja að skipstjóri (eða sá sem er í hans stað) geti komið skipi í örugga höfn eða var þegar hættu ber að höndum eða bjarga skipi og mönnum að öðru leyti úr háska. Í skýrslu sérfræðinganefnar ILO kemur fram að hún hefur kynnt sér skýringar íslensku ríkisstjórnarinnar. Nefndin tekur fram að tilvik eins og þau sem lýst er í skýrslu Íslands falli utan ramma samþykktar nr. 105 og leggur til að ákvæði 81. gr. sjómannalaganna verði afmarkaðra eða greinin felld úr lögnum eins og gert hafi verið í nokkrum löndum þar sem hliðstæð ákvæði hafi verið í gildi. Það er ljóst að verði ekki gerð gangskör að því að breyta ákvæðinu mun þetta málefni koma til kasta þingnefndarinnar fyrr en síðar. Þess má geta að félagsmálaráðuneytið hefur gert samgönguráðuneytinu, sem fer með málefni sjómanna, grein fyrir framvindu þessa máls.

Samtals var þess farið á leit við 46 aðildarríki að þau gæfu nánari skýringar og mættu fulltrúar frá þeim öllum á fundi nefndarinnar. Til þess var tekið að 36 aðildarríki í samtals 76 tilvikum höfðu breytt lögum eða lagaframkvæmd í samræmi við ábendingar sérfræðinganefnarinnar. Hér var um að ræða lönd í öllum heimsálfum sem búa við ólíka þjóðfélagshætti. Fram kom að frá árinu 1964 hafa verið skráð 1730 tilvik þar sem aðildarríki hafa farið að ábendingum sérfræðinganefnarinnar. Þetta er vísbending um það að eftirlitskerfi Alþjóðavinnuáskrifstofunnar er virkt og aðildarríkin eru reiðubúin til samvinnu um umbætur.

Sérstakar ábendingar.

Tilvik sem talin eru sérstaklega alvarleg brot á framkvæmd samþykktu ILO eru rakin í svonefndum sérstaka hluta skýrslu nefndarinnar til allsherjarþingsins. Nokkur aðildarríki hlutu þann vafasama heiður að vera getið í þessum hluta skýrslunnar. Í þeim hópi var Mið-Afríkulýðveldið vegna framkvæmdar á alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Nefndin minnti á að þetta málefni hafi komið margoft til umfjöllunar í nefndinni án sýnilegs árangurs. Fram kom að ríkisstjórnin er reiðubúin að taka á móti sendinefnd frá ILO og leita leiða til að bæta framkvæmd ákvæða samþykktarinnar. Dóminíska lýðveldið virðist vera búið að vinna sér fastan sess í þessum hluta skýrslunnar. Enn á ný fjallaði nefndin um framkvæmd lýðveldisins á samþykktum nr. 95, um verndun vinnulauna, nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, og nr. 105, um afnám nauðungarvinnu. Eins og á 73. Alþjóðavinnuálagningu komu málefni Ekvador til umfjöllunar. Það kom í ljós að ríkisstjórnin hafði tekið tillit til margra ábendinga sérfræðinganeftdarinnar, einkum að því er varðaði framkvæmd á samþykkt nr. 87. Hins vegar er ríkisstjórnin ekki reiðubúin að gera breytingar vegna framkvæmdar samþykktar nr. 105. Pakistan fékk mesta rýmið í sérstaka hluta skýrslu nefndarinnar eins og á 73. þinginu. Hér er um að ræða framkvæmd á fjölda ákvæða í samþykktum nr. 29 og 105, um afnám nauðungarvinnu, og í samþykkt nr. 87. Nefndin lýsti yfir miklum vonbrigðum með aðgerðaleyfi ríkisstjórnar Pakistans sem um margra ára skeið hefur ekki sinnt ábendingum um umbætur. Sama á við um ríkisstjórn Írans að því er varðar framkvæmd samþykktar nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs.

2.6. ÖRYGGI OG HOLLUSTUHÆTTIR Í BYGGINGARIÐNAÐI

Fjórða málefnið á dagskrá þingsins voru drög að nýrri alþjóðasamþykkt um öryggi og hollustuhætti í byggingariðnaði. Þetta málefni var til síðari umræðu og var að því stefnt að Alþjóðavinnuálagningið afgreiddi samþykkt og tillögu um þetta mikilvæga mál.

Samtals áttu 137 til 143 fulltrúar sæti í nefndinni. Þar af voru u.þ.b. 70 fulltrúar ríkisstjórna, tæplega 46 voru málsvarar launafólks og um 31 sat í nefndinni fyrir hönd atvinnurekenda.

Á fyrsta fundi nefndarinnar var ríkisstjórnarfulltrúi Pakistans, J.A. Mirza, kosinn formaður, fulltrúi launafólks frá Sambú, F.J. Chiluba, og J. Halliwell kosnir varaformenn. Formaður nefndarinnar á 73. Alþjóðavinnuálagningu, dr. K.J. Panzke, var kosinn ritari og talsmaður á allsherjarþinginu. Nefndin hélt samtals 10 fundi. Þar til viðbótar héldu atvinnurekendur og fulltrúar launafólks nokkra fundi um einstök ágreiningsmál sem komu upp í nefndinni.

Skýrsla, sem hafði verið tekin saman af alþjóðavinnuálagningastofunni, *Safety and health in construction*, Report IV (2B) lá til grundvallar umræðum í nefndinni. Skýrslan hefur að geyma samantekt á umræðum á 73. vinnuálagningu og greinargerð um breytingartillögur sem gerðar voru á orðalagi alþjóðasamþykktar og tillögu sem var til umræðu á því þingi. Í nefndinni komu fram samtals 158 breytingartillögur við drög sem að þessu sinni voru til umræðu. Af þeim náði ein fram að ganga í atkvæðagreiðslu, sex voru dregnar til baka, 38 voru samþykktar einróma en 113 dregnar til baka við umræður. Fram komu 46 breytingartillögur við orðalag tillögunnar. Ein tillaga var samþykkt í atkvæðagreiðslu, þrjár voru felldar, 13 dregnar til baka og fjórar lagaðar að orðalagi tillögunnar. Samtals voru 25 tillögur dregnar til baka í umræðum.

Þess var getið í skýrslu félagsmálaráðherra um 73. Alþjóðavinnuálagningið að nokkrar deilur hafi orðið innan nefndarinnar um skilgreiningu á hugtakinu „vinnustaður“. Ýmsum fulltrúum, t.d. ríkisstjórnarfulltrúa Noregs, fannst skilgreiningin á hugtakinu sem notuð var á

Því þingi of rúm og að hún gæti orðið þess valdandi að fá aðildarríki fullgiltu samþykktina. Deilurnar um þetta efni héldu áfram og um tíma var á því nokkur hætta að starf nefndarinnar sigldi í strand. Stofnað var til fjölda smærri óformlegra samráðsfunda til að forðast slíka niðurstöðu með þeim árangri að allsherjarþingið afgreiddi nýja alþjóðasamþykkt og tillögu með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Alþjóðasamþykkt nr. 167, um öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði, er í fimm köflum. Fyrsti kaflinn fjallar um gildissvið. Í 1. gr. er kveðið á um það að samþykktin nái til allrar starfsemi í byggingariðnaði, þ.e. byggingar, verkfræðivinnu, uppsetningar og niðurrifs, þar með talin hvers konar vinnsla, starfræksla eða flutningar á byggingarstað, frá því að undirbúningur er hafinn á byggingarstað og þar til byggingu er lokið. Í a-lið 2. gr. er hugtakið *byggingariðnaður* ítarlega skilgreint. Í b-lið greinarinnar er hugtakið *byggingarstaður* skilgreint og í því sambandi vísað til a-liðarins. Samkvæmt þessu er umfang hugtaksins allvíðtækt.

Almenn ákvæði eru í öðrum kaflanum. Þar er meðal annars kveðið á um skyldu til að hafa samráð við samtök atvinnurekenda og launafólks um ráðstafanir til að hrinda ákvæðum samþykktarinnar í framkvæmd. Enn fremur að aðildarríki sem fullgildir samþykktina skuldbindur sig til þess að setja eða hafa í gildi lög eða reglugerðir sem tryggja að ákvæðum hennar verði framfylgt. Á fundi nefndarinnar kom fram að ýmis lönd munu væntanlega eiga í erfiðleikum með að uppfylla ákvæði 9. gr., en þar er kveðið á um það að þeir sem sjái um hönnun og undirbúning mannvirkja skuli taka tillit til öryggis og heilbrigðis byggingarstarfsmanna. Sama á við um d-lið 11. gr. Samkvæmt honum skulu vera ákvæði í landslögum eða reglugerðum þess efnis að starfsmönnum sé skylt að tilkynna þegar í stað næsta yfirmanni sínum, svo og öryggismálafulltrúa starfsmanna ef hann er fyrir hendi, um hverjar þær aðstæður sem þeir telja að gætu valdið hættu og þeir valda ekki að ráða fram úr sjálfir.

Um aðgerðir til varnar og verndar er fjallað í þriðja kaflanum. Kveðið er almennt á um öryggi á vinnustöðum í 13. gr. Í eftirfarandi greinum er kveðið ítarlegar á um varnar- og verndaraðgerðir á einstökum sviðum byggingariðnaðar eða meðferð tækja og annars búnaðar. Til dæmis er yfirskrift 14. gr. Vinnupallar og stigar, 15. gr. Lyftitæki og lyftibúnaður o. s. frv. Sérstök ástæða er til að vekja athygli á 24. gr. sem er um niðurrif byggingar eða mannvirkis. Samkvæmt henni skal viðhafa viðeigandi varnarráðstafanir, vinnuáferðir og starfshætti, m.a. vegna brottflutnings rusls eða úrgangs. Þetta skal aðeins skipulagt og framkvæmt undir eftirliti hæfs manns.

Fjórði kafli er um framkvæmd og lokaákvæði eru í fimmta kafla.

Samþykkt nr. 167 og tillaga nr. 175, um öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði eru birtar sem fylgiskjöl merkt I og III.

2.7. AUKIN ATVINNA OG VERND GEGN ATVINNULEYSI

Fimmta málefnið á dagskrá vinnuálagingsins var aukin atvinna og vernd gegn atvinnuleysi. Það var til síðari umræðu og lágu fyrir þinginu drög að alþjóðasamþykkt og tillögu um þetta málefni.

Þingnefndin sem fjallaði um þetta viðfangsefni var samtals skipuð 184 fulltrúum, þar af voru 71 fulltrúi ríkisstjórna, 61 fulltrúi launafólks og 52 fulltrúar atvinnurekenda. Formaður var kosinn ríkisstjórnarfulltrúi frá Hollandi, K. van den Berg. Varformenn voru B. Seidman frá Bandaríkjunum og M. Árnason frá Íslandi. Umræðan í nefndinni byggðist á skýrslunni, *Employment promotion and social security V (2A) og V (2B)*, sem alþjóðavinnuálagingsstofnan hafði samið. Fyrri skýrslan hefur að geyma athugasemdir aðildarríkjanna við drög að alþjóðasamþykkt og tillögu eins og þau litu út eftir fyrri umræðu. Í seinni skýrslunni eru birt ný drög þar sem starfsfólk alþjóðavinnuálagingsstofunnar hefur tekið tillit til athugasemda sem

komu fram við fyrri umræðu og á fundi sem haldinn var í nóvember 1987 í því skyni að finna lausnir á ýmsum álitamálum sem höfðu komið upp.

Þess má geta að þetta málefni, sem tekur m.a. til reglna um atvinnuleysisbætur, á sér nokkuð langa sögu. Samþykktir Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um þetta efni eru komnar til ára sinna og eru að ýmsu leyti ekki í hátt við aðstæður í nútímaþjóðfélagi. Hér er um að ræða samþykkt nr. 44 frá árinu 1934, um bætur eða styrki til þeirra sem eru atvinnulausir gegn vilja sínum, og fjórða hluta samþykktar nr. 102 frá árinu 1952, um lágmark félagslegs öryggis. Í þessum tveimur samþykktum er ekkert fjallað um atvinnuleysisbætur sem þætti í virkri vinnuálagstefnu er hefur það að markmiði að stuðla að aukinni atvinnu. Þessu sambandi eru ekki heldur gerð skil í samþykkt nr. 122, um stefnu í atvinnuálagum, né í tengdum tillögum en sú síðasta er frá árinu 1984. Þar af leiðandi hafa ýmsir talið tímabært að Alþjóðavinnuálagstofnunin afgreiddi samþykkt um atvinnuleysisbætur sem jafnframt taki mið af öðrum atriðum sem geta aukið atvinnu.

Samþykkt nr. 168, um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi, er í átta köflum. Almenn ákvæði, meðal annars skilgreiningar á hugtökum, eru í fyrsta kafla. Ástæða er til að vekja athygli á 4. gr. en samkvæmt henni geta aðildarríki við fullgildingu undanskilið sjöunda kafla sem hefur að geyma sérákvæði um nýja umsækjendur um vinnu. Fimmta greinin í drögum alþjóðavinnuálagskrifstofunnar varð tilefni til mikilla umræðna. Í drögunum var reynt að koma til móts við gagnrýni fulltrúa þróunarlandanna á 73. vinnuálagþinginu og orða greinina með þeim hætti að þau gætu fullgilt samþykktina. Fulltrúi Bandaríkjanna var þeirrar skoðunar að ákvæði greinarinnar um undanþágur og fresti á framkvæmd einstakra atriða samþykktarinnar ætti að miða við fleira en þróunarstig hlutaðeigandi aðildarríkis. Samstaða náðist um málamiðlun sem fólst í því að halda frumtextanum óbreyttum en heimila öðrum aðildarríkjum að nota mest tvær bráðabirgðaundanþágur sem tilgreindar eru í greininni.

Annar kaflinn ber yfirskriftina uppbygging arðbærrar atvinnustarfsemi. Í kaflanum, sem einungis telur tvær greinar, er kveðið á um það að aðildarríki samþykktarinnar skuli lýsa því sem forgangsverkefni að stuðla að fullri og arðbærri atvinnu að frjálsu vali með öllum tiltækum ráðum, t.d. almannatryggingum, vinnumiðlun, starfsþjálfun og starfsráðgjöf.

Í þriðja kaflanum, 10. gr., er kveðið á um gildissvið samþykktarinnar og talin upp bótatilvik. Þau eru algert atvinnuleysi og er það skilgreint sem tekjutap vegna þess að atvinna við hæfi byðst ekki ef um er að ræða vinnufæran mann sem er reiðubúinn til að hefja störf og er að leita sér að atvinnu. Einnig er tekið fram í greininni að aðildarríki skuli leitast við að vernd samþykktarinnar nái til fleiri tilvika, t.d. að um sé að ræða tekjutap vegna atvinnuleysis að hluta eða vegna tekjuleysis eða lægri tekna vegna tímabundinnar niðurfellingar vinnu án þess að samband atvinnurekenda og starfsmanns rofni.

Fjórði kaflinn hefur að geyma ákvæði um hlutfall þeirra sem eiga að njóta verndar. Til dæmis er kveðið á um það í 1. tölul. að hlutfall þeirra sem njóta verndar í hópum launafólks skuli eigi vera minna en 85% af öllu launafólki, þar með taldir opinberir starfsmenn og nemar. Samkvæmt 2. tölul. er heimilt að undanskilja opinbera starfsmenn sem hafa trygga atvinnu allt til venjulegs eftirlaunaaldurs.

Kaflar fimm og sex fjalla um verndina sem veita skal samkvæmt samþykktinni og skilyrði bóta. Kveðið er á um bótatímabilið í 19. gr. og má samkvæmt a lið takmarka fyrsta greiðslutímabil bóta við 26 vikur í hverju tilviki atvinnuleysis eða við 39 vikur á hverju 24 mánaða tímabili.

Eins og áður er getið er sjöundi kaflinn um nýja umsækjendur um vinnu og í áttunda kaflanum er fjallað um ýmis atriði sem snerta réttarstöðu og fjárhagslega ábyrgð.

Samþykkt nr. 168 og tillaga nr. 176, um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi, eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl merkt II og IV.

2.8. ÞINGSÁLYKTANIR

Samkvæmt þingsköpum Alþjóðavinnumálaþingsins er heimilt að leggja fram tillögur til þingsályktunar um málefni sem ekki eru á dagskrá þingsins. Slíkar tillögur verða að hafa borist forstjóra alþjóðavinnumálastofunnar 15 dögum fyrir þingsetningu. Fjallað er um þingsályktunartillögurnar í ályktunarnefnd (Resolutions Committee) sem er ein af fastanefndum þingsins.

Nefndin var óvenjufjöldmenn að þessu sinni en samtals sátu í henni 218 fullgildir þingfulltrúar. Fulltrúar ríkisstjórna voru 85, fulltrúar atvinnurekenda 60 og 73 fulltrúar launafólks. Af hálfu Íslands sátu í nefndinni Kristinn F. Arnason, Gylfi Kristinsson og Guðmundur J. Guðmundsson.

Formaður ályktunarnefndar var kosinn Alexander, ríkisstjórnarfulltrúi frá Bretlandi. Varaformenn voru Rowe, fulltrúi atvinnurekenda í Bandaríkjunum, og Karlsson, fulltrúi launafólks í Svíþjóð.

Nefndinni bárust samtals 13 tillögur til þingsályktunar. Fulltrúar ríkisstjórna Norðurlanda lögðu sameiginlega fram tillögu í því skyni að fylgja eftir tilmælum heimsnefndarinnar um umhverfi og þróun. Eftir athugun á tillögunum voru nokkrar sameinaðar og ein tillaga send annarri þingnefnd til afgreiðslu. Samkvæmt verklagsreglum nefndarinnar voru greidd atkvæði um það í hvaða forgangs röð tillögurnar yrðu afgreiddar. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru:

1. Vernd réttinda og frelsis atvinnurekenda og launafólks í Palestínu og á öðrum hernumdu arabískum svæðum (tillagan hlaut 479 020 vegin atkvæði).
2. Hlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í því að auka virðingu fyrir mannréttindum og félagafrelsi (441 060 atkvæði).
3. Þýðing einyrkja og smárra og meðalstórra fyrirtækja fyrir aukið framboð atvinnu (362 422 atkvæði).
4. Umhverfi og atvinna (331 577 atkvæði).
5. Heilbrigði og öryggi í atvinnulífinu (294 211).

Í nefndinni ríkti djúpstæður ágreiningur um fyrstu tillöguna og kom til óvenjuharðra orðahnippinga. Gerðar voru margar árangurslausar tillraunir til að ná samstöðu um breytingar á tillögunni. Niðurstaðan var því sú að nefndinni tókst ekki að þessi sinni að afgreiða neina ályktunartillögu til allsherjarþingsins.

Þess skal getið að fulltrúar Vesturlanda voru sammála um að Palestínutillagan væri mjög óheppileg og í henni væru mörg atriði sem gerðu það að verkum að hún félli utan verksviðs Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og ætti frekar erindi á vettvangi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Þrátt fyrir þetta vildu þessir fulltrúar stuðla að því að tillagan fengi málefnalega umfjöllun í nefndinni og lögðu fram margar breytingartillögur sem ekki var fallist á með þeim árangri sem lýst er hér að framan.

2.9. VERND FRUMBYGGJA

Ein af þeim alþjóðasamþykktum sem Alþjóðavinnumálaþingið hefur afgreitt er samþykkt nr. 107, um frumbyggja og annað kynþáttafólk eða frumstætt innan sjálfstæðra ríkja eins og heiti hennar hefur verið þýtt á íslensku. Þessi samþykkt er um marga hluti athyglisverð, einkum 11. til 14. gr. í öðrum kafla samþykktarinnar. Í þessum kafla er m.a. kveðið á um viðurkenningu á rétti þess fólks, sem samþykktin tekur til, yfir landi sem í langa tíð hefur verið heimkynni þess. Einnig kemur fram að halda skuli í heiðri þær reglur sem þetta fólk notar við flutning á eignarrétti eða rétti til að nýta auðlindir lands. Hins vegar eru önnur ákvæði samþykktarinnar ekki í hátt við breytt viðhorf til varðveislu menningararfs, t.d. tungumála, og annarra sérkenna þjóðarbrotta. Af þeirri ástæðu ákvað stjórnarnefnd alþjóða-

vinnumálaskrifstofunnar að samþykktin skyldi tekin á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins og endurskoðuð.

Formaður nefndarinnar var kosinn Espana Smith, ríkisstjórnarfulltrúi frá Bólivíu. Diaz Garayacoa, úr röðum fulltrúa atvinnurekenda, og John Svenningsen, fulltrúi launafólks í Danmörku, voru kosnir varaformenn.

Í almennum umræðum í nefndinni var einkum fjallað um þrjú atriði.

Nefndarmenn gerðu að umtalsefni hvort nota ætti hugtökin „peoples“ eða „populations“ í endurskoðuðum texta samþykktarinnar. Í samþykktinni er notað hugtakið „populations“, en flestir, sem svöruðu spurningaskrá alþjóðavinnumálaskrifstofunnar sem send var aðildarríkjunum til undirbúnings umfjöllunar þingsins, kusu að nota hugtakið „peoples“.

Ræðumenn vörðu miklum tíma í að ræða rétt frumbyggja til lands og vatns, þar með taldar auðlindir í iðrum jarðar og í sjávardjúpi. Það var fyrir fram ljóst að þessi þáttur mundi valda mestum ágreiningi.

Loks var töluvert fjallað um það hvort setja skyldi ákvæði í alþjóðasamþykktina sem skyldaði aðildarríki til að leita eftir stuðningi frumbyggja við frumvörp til laga sem snertu málefni þeirra.

Ný drög að breytingum á alþjóðasamþykkt nr. 107 verða til umfjöllunar á 76. Alþjóðavinnumálaþinginu 1989.

2.10. ÖNNUR MÁLEFNI

75. Alþjóðavinnumálaþingið fjallaði um nokkur önnur málefni en þau sem lýst hefur verið hér að framan. Þau helstu voru:

Aukið framboð atvinnu í dreifbýli.

Á Alþjóðavinnumálaþinginu 1975 var afgreidd samþykkt nr. 141, um félagasamtök verkafólks í sveitum og þátt þeirra í efnahagslegri og félagslegri þróun. Frá þeim tíma hafa málefni dreifbýlisins ekki komið til umfjöllunar á vinnumálaþingi. Í samþykkt nr. 141 er viðurkennt mikilvægi landbúnaðarverkafólks fyrir efnahagsþróun, ekki síst þróunarlandanna. Stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar ákvað á fundi í nóvember 1986 að taka á dagskrá 75. Alþjóðavinnumálaþingsins til almennrar umræðu málefnið *aukið framboð atvinnu í dreifbýli*. Jafnframt var skrifstofunni falið að taka saman skýrslu um efnið sem yrði grundvöllur umræðna í þingnefnd. Í nefndinni var rætt um áhrif sem almennt efnahagsástand í heiminum hefði á stöðu þróunarlandanna sem byggja lífsafkomu sína að verulegu leyti á landbúnaðarframleiðslu. Einkum var staldrað við skuldir þeirra við iðnríkin, verðfall á afurðum og óstöðugleika á gjaldeyrismörkuðum. Ræðumenn voru sammála um nauðsyn á aukinni matvælaframleiðslu og fjölgun atvinnutækifæra í greinum utan hefðbundins landbúnaðar.

Nefndin afgreiddi tillögu til allsherjarþingsins um þetta málefni sem var samþykkt einróma.

Kynþáttaaðskilnaðarstefnan.

Frá árinu 1981 hefur verið fjallað um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna í sérstakri þingnefnd. Á þessu vinnumálaþingi áttu samtals 54 fulltrúar sæti í nefndinni; 20 ríkisstjórnarfulltrúar, 20 fulltrúar launafólks og 14 fulltrúar atvinnurekenda. Ríkisstjórnir Norðurlanda hafa átt einn fulltrúa í nefndinni og skipaði fulltrúi Noregs það sæti.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með framkvæmd yfirlýsingar ILO frá árinu 1961 um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna. Samkvæmt henni ber aðildarríkjunum að senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni upplýsingar um aðgerðir sem þau hafa gripið til í því skyni að vinna gegn þessari stefnu. Þessar upplýsingar eru teknar saman í skýrslu forstjóra ILO til Alþjóðavinnumálaþingsins sem er til umfjöllunar í nefndinni.

Samstarf við fulltrúa annarra ríkja.

Íslenska sendinefndin á þinginu átti að venju góð samskipti við fulltrúa annarra Norðurlanda á þinginu. Fulltrúar ríkisstjórna Norðurlanda fluttu sameiginlega tillögu um atvinnu og þróun sem byggir á helstu niðurstöðum í svonefndri Brundtlandskýrslu. Enn fremur skiptust fulltrúarnir á að gera grein fyrir afstöðu landanna til einstakra málefna sem voru til umfjöllunar á þinginu. Til dæmis hafði fulltrúi Noregs orð fyrir öðrum norrænum fulltrúum í nefnd um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna, fulltrúi Íslands kom fram fyrir hönd Norðurlandanna í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktta o.s.frv. Samtals voru haldnir fjórir samráðsfundir fulltrúa ríkisstjórna Norðurlanda um þingtímann.

Fulltrúar ríkisstjórna vestrænna iðnríkja, svonefndur IMEC hópur, átti einnig með sér náð samstarf á þinginu. Þessi hópur hópur hittist daglega á samráðsfundum þar sem farið var yfir þau málefni sem voru efst á baugi. Fyrir fulltrúa smárikis eins og Íslands, sem ekki átti fulltrúa í öllum nefndum þingsins, var ómetanlegt að taka þátt í þessum fundum. Með þeim hætti var hægt að fá yfirsýn yfir það sem var að gerast á þessu umfangsmikla þingi.

Fylgiskjal I.**Samþykkt nr. 167, um öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáráðs, sem kom saman til 75. þingsetu sinnar í Genf 1. júní 1988 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnuáráðs, gefur gaum að viðeigandi alþjóðlegum samþykktum og tillögum, einkum Samþykkt og Tillögu um öryggisráðstafanir (í byggingariðnaði) frá 1937, Tillögu um samvinnu við slysavarnir (í byggingariðnaði) frá 1937, Samþykkt og Tillögu um geislavarnir frá 1960, Samþykkt og Tillögu um öryggisbúnað véla frá 1963, Samþykkt og Tillögu um hámarksþyngd frá 1967, Samþykkt og Tillögu um krabbamein sem atvinnusjúkdóm frá 1974, Samþykkt og Tillögu um vinnuumhverfi (loftmengun, hávaða og titring) frá 1977, Samþykkt og Tillögu um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi frá 1981, Samþykkt og Tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1985, Samþykkt og Tillögu um öryggi við notkun asbests frá 1986, svo og skrá yfir atvinnusjúkdóma, sem var endurskoðuð 1980 og gerð að hluta af Samþykkt um atvinnuslysabætur frá 1964, og

þar eð þingið hefur samþykkt tiltekna ábendingar varðandi öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, sem er endurskoðun á Samþykkt um öryggisráðstafanir (í byggingariðnaði) frá 1937,

gerir þingið í dag, 20. júní 1988, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði, 1988:

I. Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

1. Þessi samþykkt nær til allrar starfsemi í byggingariðnaði, þ.e. byggingar, verkfræðivinnu, uppsetningar og niðurrifs, þ.m.t. hvers konar vinnsla, starfræksla eða flutningar á byggingarstað, frá því að undirbúningur er hafinn á byggingarstað og þar til byggingu er lokið.

2. Aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, getur, að höfðu samráði við aðalsamtökhlutaðeigandi atvinnurekenda og launafólks, þar sem þau eru fyrir hendi, undanskilið við framkvæmd hennar í heild eða einstakra ákvæða hennar tiltekna atvinnugreinar eða starfsemi þar sem slík framkvæmd er sérstökum vandkvæðum bundin, svo fremi öryggis og heilbrigðis sé gætt í vinnuumhverfinu.

3. Þessi samþykkt nær einnig til þeirra einstaklinga sem reka sjálfstæða atvinnustarfsemi og tilgreindir kunna að vera í lögum eða reglugerðum landsins.

2. gr.

Í þessari samþykkt tákna hugtakið:

a. „byggingariðnaður“:

- i. byggingu, þ.m.t. gröftur fyrir grunn og smíðar, breytingar á byggingu, endurnýjun, viðgerðir, viðhald (þ.m.t. hreinsun og málun) og niðurrif hvers konar bygginga og mannvirkja;
- ii. verkfræðivinnu, þ.m.t. gröftur fyrir grunn og smíðar, breytingar á byggingu, viðgerðir, viðhald og niðurbrot, t.d. á flugvöllum, hafnargörðum, höfnum, skipaskurðum, stíflum, mannvirkjum til varnar fyrir ám, skriðuföllum og ágangi sjávar, götum og þjóðvegum, járnbrautum, brúm, jarðgöngum, svifbrúm og mannvirkjum sem reist eru vegna þjónustu svo sem samgangna, frárenniskerfa, skolpræsa, vatnsveitu og orkuflutningskerfa;
- iii. uppsetningu og niðurrif bygginga og annarra mannvirkja sem gerð eru úr tilbúnum einingum, svo og framleiðslu tilbúinna eininga á byggingarstað;

- b. „byggingarstaður“ hvern þann stað þar sem fram fer hvers konar vinnsla eða starfræksla sem tilgreind er í a-lið hér að framan;
- c. „vinnustaður“ alla staði sem starfsmenn þurfa að vera á eða fara til vegna vinnu sinnar og eru undir stjórn atvinnurekanda, samkvæmt skilgreiningu í e-lið hér á eftir;
- d. „starfsmaður“ hvern þann mann sem vinnur við byggingar;
- e. „atvinnurekandi“:
 - i. hvern þann mann eða persónu að lögum sem hefur í þjónustu sinni einn eða fleiri starfsmenn á byggingarstað; og
 - ii. aðalverktaka, verktaka eða undirverktaka eftir því sem við á hverju sinni;
- f. „hæfur maður“ mann sem hefur til að bera nægilega hæfni, svo sem viðeigandi þjálfun, fullnægjandi þekkingu, reynslu og færni til þess að inna örugglega af hendi tiltekna vinnu. Hlutadeigandi stjórnvöld geta skilgreint viðeigandi forsendur fyrir útnefningu slíkra manna og gert þeim að uppfylla tilteknar skyldur;
- g. „vinnupallur“ hvers konar bráðabirgðamannvirki, fast, upphengt eða færanlegt, ásamt undirstöðum, sem notað er til að bera uppi starfsmenn og efni eða til að hafa aðgang aðslíku mannvirki, og er ekki „lyftitæki“ samkvæmt skilgreiningu í h-lið hér á eftir;
- h. „lyftitæki“ staðbundið eða færanlegt tæki sem notað er til að lyfta fólk eða efni eða láta það síga niður;
 - i. „lyftibúnaður“ hvers konar búnað eða tól sem notuð eru til að festa byrði við lyftitæki en eru ekki hluti af lyftitækinu eða byrðinni.

II. Almenn ákvæði.

3. gr.

Hafa skal samráð við aðalsamtök hlutadeigandi atvinnurekenda og launafólks um ráðstafanir sem gerðar verða til að hrinda í framkvæmd ákvæðum þessarar samþykktar.

4. gr.

Sérhvert aðildarríki sem fullgildir þessa samþykkt skuldbindur sig til að setja og hafa í gildi lög eða reglugerðir sem tryggja að ákvæðum hennar verði framfylgt og skal í því sambandi taka mið af því hvers konar hættu starfsmönnum er búin hvað varðar öryggi og heilbrigði.

5. gr.

1. Lögum og reglugerðum, sem sett verða samkvæmt ákvæðum 4. gr., má framfylgja með tæknilegum stöðlum eða starfsreglum eða með öðrum viðeigandi hætti eftir aðstæðum og venjum í hverju landi.

2. Sérhvert aðildarríki skal taka tillit til viðeigandi staðla, sem samþykktir hafa verið af viðurkenndum alþjóðastofnunum á sviði stöðlunar, hvað varðar það að framfylgja ákvæðum 4. gr. hér að framan og 1. tölul. í þessari grein.

6. gr.

Ráðstafanir skulu gerðar til að tryggja samvinnu atvinnurekenda og launafólks í því skyni að stuðla að öryggi og heilbrigði á byggingarstöðum og skulu ákvæði um slíkt skilgreind í landslögum eða reglugerðum.

7. gr.

Í landslögum eða reglugerðum skulu vera ákvæði sem skuldbinda atvinnurekendur og menn sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur til að hlíta settum reglum um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum.

8. gr.

1. Þegar tveir eða fleiri atvinnurekendur hafa starfsemi samtímis á sama byggingarstað:
 - a. skal aðalverktaki eða annar maður eða aðili sem hefur í raun stjórn á eða ber meginábyrgð á allri starfsemi á byggingarstað vera ábyrgur fyrir því að samhæfa þær ráðstafanir varðandi öryggi og heilbrigði, svo og að tryggja að þeim sé framfylgt, eftir því sem lög og reglugerðir landsins mæla fyrir um;
 - b. skal aðalverktaki eða annar maður eða aðili sem hefur í raun stjórn á eða ber meginábyrgð á allri starfsemi á byggingarstað, ef hann er ekki til staðar, tilnefna hæfan mann eða aðila á staðnum með vald og nauðsynlega aðstöðu til þess fyrir hans hönd að tryggja að ráðstafanir, sem tilgreindar eru í a-lið hér að framan, séu samhæfðar og þeim sé framfylgt, eftir því sem lög og reglugerðir landsins mæla fyrir um;
 - c. skal sérhver atvinnurekandi vera ábyrgur fyrir því að ráðstöfunum sé framfylgt hvað varðar starfsmenn sem lúta stjórn hans;
2. Þegar atvinnurekendur eða menn með sjálfstæðan atvinnurekstur reka starfsemi samtímis á byggingarstað er þeim skylt að hafa samvinnu um að ráðstöfunum sem mælt er fyrir um hvað varðar öryggi og heilbrigði sé framfylgt, eftir því sem kveðið er á um í lögum eða reglugerðum landsins.

9. gr.

Þeir sem sjá um hönnun og undirbúning mannvirkja skulu taka tillit til öryggis og heilbrigðis byggingarstarfsmanna í samræmi við landslög, reglugerðir og venjur.

10. gr.

Í landslögum eða reglugerðum skulu vera ákvæði þess efnis að starfsmenn á hverjum vinnustað hafi rétt til og þeim sé skylt að taka þátt í að tryggja öruggar vinnuaðstæður hvað varðar stjórn þeirra á vinnuvélum og vinnuaðferðum og enn fremur að láta í ljósi skoðanir sínar á vinnuvenjum sem viðhafðar eru að svo miklu leyti sem þær varða öryggi og heilsu.

11. gr.

- Í landslögum eða reglugerðum skulu vera ákvæði þess efnis að starfsmönnum sé skylt:
- a. að hafa eins nána samvinnu og mögulegt er við atvinnurekandann hvað varðar að framfylgja ráðstöfunum sem mælt er fyrir um vegna öryggis og heilbrigðis;
 - b. að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gæta eigin öryggis og heilsu, svo og annarra manna sem aðgerðir þeirra eða aðgerðarleysi við vinnu getur haft áhrif á;
 - c. að nýta sér þá aðstöðu sem þeim er fengin og misnota ekkert sem þeim er fengið sér eða öðrum til varnar;
 - d. að tilkynna þegar í stað næsta yfirmanni sínum, svo og öryggismálafulltrúa starfsmanna ef hann er fyrir hendi, um hverjar þær aðstæður sem þeir telja að gætu valdið hættu og þeir valda ekki að ráða fram úr sjálfir;
 - e. að fylgja settum reglum um öryggi og heilbrigði.

12. gr.

1. Í landslögum eða reglugerðum skulu vera ákvæði þess efnis að starfsmaður hafi rétt til að forða sér frá hættu þegar hann hefur gilda ástæðu til að halda að öryggi hans og heilsa sé í yfirvofandi og alvarlegri hættu, svo og að honum sé skylt að tilkynna næsta yfirmanni sínum um það án tafar.
2. Ef öryggi starfsmanna er yfirvofandi hætta búin skal atvinnurekandi án tafar gera ráðstafanir til að stöðva framkvæmdir og flytja starfsmennina á brott eftir því sem við á.

III. Aðgerðir til varnar og verndar.

13. gr.

Öryggi á vinnustöðum.

1. Gera skal allar viðeigandi varúðarráðstafanir til að tryggja að allir vinnustaðir séu öruggir og valdi ekki tjóni á heilsu starfsmanna eða stofni öryggi þeirra í hættu.

2. Á öllum vinnustöðum skulu vera öruggir inngangar og útgangar og þeim vel við haldið. Þeir skulu vera auðkenndir eftir því sem við á.

3. Gera skal allar viðeigandi varúðarráðstafanir til að vernda þá menn sem eru á eða í námunda við byggingarstað fyrir öllum hættum sem af honum geta stafað.

14. gr.

Vinnupallar og stigar.

1. Þar sem vinna verður ekki stunduð með öryggi á jörðu niðri eða frá jörðu, hluta byggingar eða öðru varanlegu mannvirki skal öruggum og viðeigandi vinnupalli komið fyrir og við haldið eða aðrar jafnöruggar og viðeigandi ráðstafanir gerðar.

2. Ef ekki eru fyrir hendi aðrar aðgönguleiðir að upphækkuðum vinnustöðum skal viðeigandi og traustum stigum komið fyrir. Þeir skulu festir tryggilega til þess að þeir hreyfist ekki fyrirvaralaust úr stað.

3. Allir vinnupallar og stigar skulu vera smíðaðir og notaðir í samræmi við landslög og reglugerðir.

4. Vinnupallar skulu skoðaðir af hæfum manni í þeim tilvikum og á þeim tímum sem fyrir er mælt í landslögum eða reglugerðum.

15. gr.

Lyftitæki og lyftibúnaður.

1. Öll lyftitæki og allur lyftibúnaður, þ.m.t. hlutar hans, viðfestibúnaður, festingar og undirstöður, skal:

- vera vel hannaður og smíðaður úr góðu efni og nægilega sterkur til þeirra nota sem hann er ætlaður;
- vera rétt uppsettur og rétt notaður;
- honum vel við haldið;
- skoðaður og prófaður af hæfum manni á þeim tíma og í þeim tilvikum sem fyrir er mælt í landslögum eða reglugerðum; skrá skal niðurstöður slíkra skoðana og prófana;
- honum stjórnað af starfsmönnum sem hafa fengið viðeigandi þjálfun í samræmi við landslög og reglugerðir.

2. Ekki má lyfta neinum manni, láta hann síga niður eða flytja hann í lyftitæki nema það hafi verið smíðað, sett upp og sé notað í þeim tilgangi í samræmi við landslög og reglugerðir, nema í neyðartilvikum þegar í húfi er mannlíf eða hætta á að alvarlegt slys verði á mönnum, ef unnt reynist að nota lyftitækið til þess með öryggi.

16. gr.

Flutningatæki og tæki til jarðvinnslu, flutninga á jarðvegi og meðferðar á efni.

1. Öll farartæki og tæki til jarðvinnslu, flutninga á jarðvegi eða meðferðar á efni:

- skulu vera vel hönnuð og smíðuð þannig að tekið hafi verið tillit til vistfræðilegra lögmála að svo miklu leyti sem því verður við komið;
- þeim skal vel við haldið;
- þau skulu notuð á réttan hátt;
- þeim skal stjórnað af starfsmönnum sem hafa fengið viðeigandi þjálfun í samræmi við landslög og reglugerðir.

2. Á öllum byggingarstöðum þar sem notuð eru farartæki og tæki til jarðvinnslu, flutninga á jarðvegi eða meðferðar á efni:

- a. skal hafa öruggar og víðeigandi aðgönguleiðir fyrir þau; og
- b. skal skipuleggja og stjórna umferð þannig að unnt sé að nota þau með öryggi.

17. gr.

Vélasamstæður, vélbúnaður og handverkfæri.

1. Vélasamstæður, vélbúnaður og tæki, þ.m.t. handverkfæri, jafnt handknúin sem vélknúin:

- a. skulu vera vel hönnuð og smíðuð þannig að tekið hafi verið tillit til vistfræðilegra lögmála að svo miklu leyti sem því við verður komið
- b. þeim skal vel við haldið;
- c. skal aðeins nota við þá vinnu sem þau eru hönnuð fyrir, nema hæfur maður hafi ákveðið að þau megi nota með öryggi utan þess verksviðs sem þau voru upphaflega hönnuð fyrir;
- d. þeim skal stjórnað af starfsmönnum sem hafa fengið víðeigandi þjálfun.

2. Framleiðandi tækja eða atvinnurekandi skal veita fullnægjandi leiðbeiningar um örugga notkun þeirra með þeim hætti sem notendur skilja.

3. Þrýstikerfi og þrýstitæki skulu skoðuð og prófuð af hæfum manni í þeim tilvikum og á þeim tíma sem mælt er fyrir um í landslögum eða reglugerðum.

18. gr.

Vinna í nokkurri hæð frá jörðu, þar með talin vinna á húspökum.

1. Þar sem nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu eða þar sem hæð mannvirkis eða halli þess er meiri en fyrir er mælt í landslögum eða reglugerðum skal gera varnarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að starfsmenn, verkfæri, aðrir hlutir eða efni falli til jarðar.

2. Þar sem starfsmönnum er ætlað að vinna á eða nærri húspökum eða öðrum stöðum sem þaktir eru brotjörnu efni, sem þeir gætu fallið gegnum, skal gera varnarráðstafanir til að hindra að þeir stígi eða falli í ógáti gegnum hið brotjarna efni.

19. gr.

Grunnar, lóðrétt göng, skurðir, neðanjarðarbyrgi og jarðgöng.

Gera skal víðeigandi varnarráðstafanir í hvers konar grunnum, lóðréttum göngum, skurðum, neðanjarðarbyrgjum eða jarðgöngum:

- a. með víðeigandi styrkingum eða á annan hátt til að vernda starfsmenn fyrir hættu af völdum hruns eða falls jarðvegs, grjóts eða annarra efna;
- b. til að koma í veg fyrir þá hættu að menn, efni eða hlutir geti fallið eða vatn geti streymt inn í grunna, lóðrétt göng, skurði, neðanjarðarbyrgi eða jarðgöng;
- c. til að tryggja fullnægjandi loftræstingu á hverjum vinnustað svo að þar sé andrúmsloft sem hæfi til öndunar og takmarka hvers konar skaðlegan og óþægilegan eim, gas eða gufu, ryk eða önnur óhreinindi þannig að þau séu fyrir neðan þau mörk sem eru hættuleg eða skaðleg heilsu manna, enda séu þau innan þeirra marka sem fyrir er mælt í landslögum eða reglugerðum;
- d. til að gera starfsmönnum kleift að forða sér ef eldsvöða ber að höndum eða innstreymi vatns eða annars efnis;
- e. til að koma í veg fyrir að starfsmönnum sé hætt neðanjarðar, svo sem vegna vökvastreymis eða vegna þess að gasfyllt hólfi eru til staðar, með því að gera víðeigandi athuganir til að finna slíkt.

20. gr.

Sökkviker og vatnspétt þrýstihylki.

1. Sérhvert sökkviker og vatnspétt þrýstihylki:
 - a. skal vera vel smíðað, hentugt til sinna nota, úr góðu efni og nægjanlega sterkt;
 - b. skal þannig útbúið að starfsmenn geti forðað sér ef vatn eða annað efni streymir inn í það.
2. Smíð, staðsetning, breytingar eða sundurtekt á sökkvikerum eða vatnspéttum þrýstihylkjum skal fara fram undir beinni stjórn hæfs manns.
3. Sérhvert sökkviker og vatnspétt þrýstihylki skal skoðað af hæfum manni með tilteknu millibili.

21. gr.

Vinna í hækkuðum loftþrýstingi.

1. Vinna í hækkuðum loftþrýstingi skal aðeins fara fram í samræmi við reglur í landslögum eða reglugerðum.
2. Vinna í hækkuðum loftþrýstingi skal aðeins framkvæmd af starfsmönnum sem hafa reynst líkamlega hæfir til þess samkvæmt lækni skoðun og að viðstöddum hæfum manni sem hefur eftirlit með því sem gert er.

22. gr.

Burðarvirki og steypumót.

1. Uppsetning burðarvirkja og tilheyrandi hluta, steypumóta, bráðabirgðastoda og skorða skal aðeins fara fram undir eftirliti hæfs manns.
2. Gera skal fullnægjandi varnarráðstafanir til að vernda starfsmenn fyrir hættum vegna tímabundins veikleika eða óstöðugleika mannvirkja.
3. Steypumót, stóðir og skordur skulur vera hönnuð og smíðuð og þeim við haldið með þeim hætti að þær þoli örugglega allt álag sem á þær kann að verða lagt.

23. gr.

Vinna yfir vatni.

Þar sem vinna fer fram yfir vatni eða í námunda við það skal gera fullnægjandi ráðstafanir:

- a. til að hindra að starfsmenn falli í vatnið;
- b. til að bjarga starfsmönnum sem eiga á hættu að drukknast;
- c. til að flytja starfsmenn á fullnægjandi og öruggan hátt.

24. gr.

Niðurrif.

Þegar niðurrif byggingar eða mannvirkis gæti valdið hættu fyrir starfsmenn eða almenn-
ing:

- a. skal viðhafa viðeigandi varnarráðstafanir, vinnuáferðir og starfshætti, m.a. vegna brottflutnings rusls eða úrgangs, í samræmi við landslög eða reglugerðir;
- b. skal verkið aðeins skipulagt og framkvæmt undir eftirliti hæfs manns.

25. gr.

Lýsing.

Hafa skal fullnægjandi og hentuga lýsingu, þar með talda færanlega lampa þar sem það á við, í hverri vinnustöð og á hverjum þeim stað öðrum á byggingarstaðnum sem starfsmaður kann að eiga leið um.

26. gr.

Rafmagn.

1. Öll rafmagnstæki og búnaður skal smíðaður, settur upp og honum við haldið af hæfum manni og þannig notaður að af því stafi ekki hætta.

2. Áður en byggingarframkvæmdir hefjast og á meðan á þeim stendur skulu gerðar fullnægjandi ráðstafanir til að ganga úr skugga um hvort til staðar séu nokkrar straumberandi raftaugar eða tæki undir, yfir eða á byggingarstaðnum og vernda starfsmenn fyrir hættu af þeim völdum.

3. Lögn og viðhald raftauga og búnaðar á byggingarstöðum skal stjórnað samkvæmt tæknilegum reglum og stöðlum sem gilda í þjóðfélaginu.

27. gr.

Sprenghættu.

Sprenghættu skal ekki geyma, flytja, meðhöndla eða nota nema:

- a. við aðstæður sem fyrir er mælt í landslögum eða reglugerðum;
- b. þar sé að verki hæfur maður sem skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að starfsmenn og aðrir menn eigi ekki meiðsli á hættu.

28. gr.

Hætta fyrir heilsu manna.

1. Þar sem hættu er á að starfsmaður skaðist af völdum kemískra efna, lífrænna efna eða annarra hluta þannig að hann hljóti heilsutjón af skal gera viðeigandi varnarráðstafanir til að koma í veg fyrir slíkt.

2. Varnarráðstafanir þær sem nefndar eru í 1. tölul. skulu m.a. fólgnar í því:

- a. að nota skaðlaus eða minna skaðleg efni í stað skaðlegra efna þar sem því verður við komið; eða
- b. að beita tæknilegum ráðum við vélsamstæður, vélbúnað, tæki eða ferli; eða
- c. þar sem ekki er unnt að beita þeim ráðum sem tilgreind eru í a- og b-liðum hér að framan, að beita öðrum ráðum sem að gagni mega koma, m.a. notkun persónulegra hlífa og hlífðarfata.

3. Þar sem starfsmönnum er gert að fara inn á svæði þar sem eitrefni eða skaðleg efni kunna að vera til staðar eða þar sem e. t. v. er súrefnisskortur eða eldfimt andrúmsloft skal gera fullnægjandi ráðstafanir til að forðast hættu.

4. Ekki skal eyða úrgangi eða losa sig við það á byggingarstað með þeim hætti sem kann að reynast hættulegur heilsu manna.

29. gr.

Eldvarnir.

1. Atvinnurekandi skal gera viðeigandi ráðstafanir til að:

- a. koma í veg fyrir eldsvoða;
- b. bregðast við skjótt og á skilvirkan hátt til að slökkva eld sem verður laus;
- c. sjá til þess að menn séu fluttir á brott án tafar og með öruggum hætti.

2. Fyrir hendi skulu vera nægilega miklar og hentugar geymslur fyrir eldfima vökva, föst efni og gas.

30. gr.

Varnarbúnaður og hlífðarföt.

1. Þar sem ekki reynist unnt að veita fullnægjandi vernd fyrir slysum eða heilsutjóni með öðrum hætti, þ.m.t. þar sem starfsmenn verða fyrir áhrifum frá óhagstæðum aðstæðum, skal atvinnurekandi leggja starfsmönnum til, og halda við, þeim að kostnaðarlausu, hentugan varnarbúnað sem þeir bera á sér, auk hlífðarfata, og skal í því sambandi tekið tillit til þess hver vinnan er og hve mikil hættan er, í samræmi við landslög eða reglugerðir.

2. Atvinnurekandi skal veita starfsmönnum viðeigandi aðstöðu til að gera þeim kleift að nota persónulegan varnarbúnað og skal hann tryggja að búnaðurinn sé notaður á réttan hátt.

3. Varnarbúnaður og hlífðarföt skulu uppfylla skilyrði sem hlutaðeigandi stjórnvald hefur sett þar sem tekið er tillit til vistfræðilegra lögmála að svo miklu leyti sem því verður við komið.

4. Starfsmenn skulu nota á réttan hátt og fara vel með persónulegan varnarbúnað og hlífðarföt sem þeim er séð fyrir.

31. gr.

Skyndihjálp.

Atvinnurekanda er skylt að sjá til þess að skyndihjálp, þ.m.t. þjálfað starfslið, sé ævinlega fyrir hendi. Ráðstafanir skulu gerðar til að tryggja brottflutning starfsmanna, sem hafa orðið fyrir slysi eða veikst skyndilega, til þess að þeir komist undir læknishendur.

32. gr.

Aðbúnaður.

1. Á hverjum byggingarstað eða innan eðlilegra marka frá honum skal vera fullnægjandi magn af heilnæmu drykkjarvatni.

2. Á hverjum byggingarstað eða innan eðlilegra marka frá honum skal eftirfarandi aðstöðu komið upp og henni við haldið og skal í því sambandi tekið tillit til fjölda starfsmanna og tímalengdar byggingarframkvæmda:

- a. salernum og þvottaaðstöðu;
 - b. aðstöðu til fataskipta og fyrir geymslu og þurrkun á fötum;
 - c. húsnæði til að matast og leita skjóls í þegar hlé verður á vinnu vegna óhagstæðs veðurs.
3. Hafa skal aðskilin salerni og þvottaaðstöðu fyrir karlmenn og konur.

33. gr.

Upplýsingar og þjálfun.

Starfsmenn skulu fá fullnægjandi og viðeigandi:

- a. upplýsingar um mögulega hættuvalda fyrir öryggi þeirra og heilsu sem þeir kunna að verða fyrir áhrifum frá á vinnustað;
- b. leiðbeiningar um og þjálfun í þeim ráðstöfunum sem unnt er að grípa til til að koma í veg fyrir, hafa stjórn á og verjast slíkum hættum.

34. gr.

Tilkynningar um slys og sjúkdóma.

Í landslögum eða reglugerðum skulu vera ákvæði um tilkynningar um vinnuslys og sjúkdóma til hlutaðeigandi stjórnvalds innan tiltekins tíma.

IV. Framkvæmd.

35. gr.

Sérhvert aðildarríki skal:

- a. gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, þ.m.t. að hafa viðeigandi refsiakvæði og ráðstafanir til úrbóta, til að tryggja að ákvæðum þessarar samþykktar sé framfylgt;
- b. hafa með hendi viðeigandi þjónustu til eftirlits með því að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar í samræmi við ákvæði þessarar samþykktar og veita viðkomandi stofnun nauðsynlega aðstöðu til að vinna það verk eða að öðrum kosti að fá fullvissu fyrir því að viðeigandi eftirlit hafi farið fram.

V. Lokaákvæði.

36. gr.

Þessi samþykkt kemur í stað Samþykktar um öryggisráðstafanir (í byggingariðnaði) frá 1937.

37. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumála-skrifstofunnar til skrásetningar.

38. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

39. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

40. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

41. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

42. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

43. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg þá skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 39. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;

b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

44. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.**Samþykkt nr. 168, um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáráðs, sem kom saman til 75. þingsetu sinnar í Genf 1. júní 1988 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnuáráðs, leggur áherslu á mikilvægi vinnu og arðbæra atvinnustarfsemi í sérhverju þjóðfélagi, ekki aðeins vegna þeirra verðmæta sem hún skapar fyrir samfélagið, heldur einnig vegna þeirra tekna sem hún færir launafólki, þess félagslega mikilvægis sem hún hefur fyrir það og þeirrar sjálfsvirðingar sem hún veitir því, og

minnist alþjóðlegra staðla á sviði atvinnu og verndar gegn atvinnuleysi (Samþykktar og Tillögu um ráðstafanir gegn atvinnuleysi frá 1934, Tillögu um aðgerðir gegn atvinnuleysi (ungs fólks) frá 1935, Tillögu um tekjutryggingu frá 1944, Samþykktar um lágmark félagslegs öryggis frá 1952, Samþykktar og Tillögu um stefnu í atvinnuáráði frá 1964, Samþykktar og Tillögu um starfsfræðslu og starfsþjálfun sem þætti í þróun vinnuafns frá 1975, Samþykktar og Tillögu um stjórn vinnuáráðs: hlutverk, starfsemi og skipulag frá 1978 og Tillögu um stefnu í atvinnuáráði (viðbótarákvæða) frá 1984), og

tekur tillit til viðtæks atvinnuleysis og lítillar atvinnu sem þekkist í ýmsum löndum á öllum þróunarstigum víða um heim, einkum vanda ungs fólks sem er að leita eftir vinnu í fyrsta skipti, og

tekur tillit til þess að síðan framangreind skjöl um vernd gegn atvinnuleysi voru samþykkt hefur orðið veruleg þróun í lagasetningu og framkvæmd margra aðildarþjóða, sem gerir nauðsynlega endurskoðun núverandi staðla, einkum Samþykktar um ráðstafanir gegn atvinnuleysi frá 1934, og samþykkt nýrra alþjóðlegra staðla um uppbyggingu fullrar og arðbærrar atvinnu, sem mönnum er frjálst að velja sér, með öllum viðeigandi ráðum, þ.m.t. almannatryggingum, og

gefur gaum að því að ákvæðin um atvinnuleysisbætur í Samþykkt um lágmark félagslegs öryggis frá 1952 mæla fyrir um tryggingarvernd sem þegar hefur náðst með flestum núgildandi bótakerfum í iðnríkjunum, en hærri staðlar hafa ekki siglt í kjölfarið, ólíkt því sem segja má um staðla í öðrum bótakerfum, og viðkomandi staðlar geta enn orðið markmið þróunarþjóða, sem hafa aðstöðu til að koma á fót kerfi atvinnuleysisbóta, og

viðurkennir að stefna stjórnvalda, sem leiðir til stöðugrar og viðvarandi efnahagsþróunar án verðbólgu, og sveigjanleg viðbrögð við breytingum, svo og til myndunar og uppbyggingar allra tegunda arðbærrar atvinnu, sem menn geta valið sér af frjálsum vilja, þ.m.t. lítil fyrirtæki, samvinnufyrirtæki, einyrkjarekstur og atvinnuuppbygging á afmörkuðum stöðum, jafnvel með því að verja þeim fjármunum sem nú er eingöngu varið til hjálparstarfa, til aðgerða sem stuðla að atvinnuuppbyggingu, einkum starfsráðgjafar, þjálfunar og endurhæfingar, veita besta vernd fyrir slæmum afleiðingum óviðráðanlegs atvinnuleysis, en óviðráðanlegt atvinnuleysi er þó fyrir hendi og því er mikilvægt að tryggja að almannatryggingakerfi veiti þeim sem eru atvinnulausir gegn vilja sínum aðstoð við að fá atvinnu og efnahagslegan stuðning, og

þar eð þingið hefur samþykkt tiltekna ábendingar varðandi atvinnuuppbyggingu og almannatryggingar, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings, einkum í þeim tilgangi að endurskoða Samþykkt um ráðstafanir gegn atvinnuleysi frá 1934, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar; gerir þingið í dag, 21. júní 1988, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi, 1988:

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Í þessari samþykkt tákna hugtakið:

- a. „löggjöf“ allar reglur um almannatryggingar, auk laga og reglugerða;
- b. „mælt fyrir um“ það sem kveðið er á um í landslögum eða gert í krafti þeirra.

2. gr.

Sérhvert aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir til að samhæfa atvinnumálastefnu sína og kerfi sitt til verndar gegn atvinnuleysi. Í því skyni skal það leitast við að tryggja að kerfi þess til verndar gegn atvinnuleysi, og einkum aðferðir við úthlutun atvinnuleysisbóta, stuðli að uppbyggingu fullrar og arðbærrar vinnu að eigin vali, en dragi ekki úr atvinnurekendum að bjóða arðbæra atvinnu og launafólki að leita eftir henni.

3. gr.

Ákvæðum þessarar samþykktar skal framfylgt í samráði og samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks samkvæmt venju í hverju landi.

4. gr.

1. Sérhvert aðildarríki sem fullgildir þessa samþykkt getur, með því að láta yfirlýsingu þar að lútandi fylgja fullgildingu sinni, undanskilið ákvæði VII. kafla varðandi þær skyldur sem það tekur sér á herðar með fullgildingu sinni.

2. Sérhvert aðildarríki sem hefur birt yfirlýsingu samkvæmt 1. tölul. hér að framan getur dregið hana til baka hvenær sem er með annarri yfirlýsingu.

5. gr.

1. Sérhverju aðildarríki er heimilt, með yfirlýsingu sem fylgir fullgildingu, að færa sér í nyt mest tvær af bráðabirgðaundanþágum þeim sem tilgreindar eru í 10. gr., 4. tölul., 11. gr., 3. tölul., 15. gr., 2. tölul., 18. gr., 2. tölul., 19. gr., 4. tölul., 23. gr., 2. tölul., 24. gr., 2. tölul., og 25. gr., 2. tölul. Í yfirlýsingunni skulu koma fram þær ástæður sem réttlæta slíkar undanþágur.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. hér að framan getur aðildarríki, ef það telur þörf á því til verndar almannatryggingakerfi sínu, fært sér í nyt, með yfirlýsingu sem fylgir fullgildningu þess, bráðabirgðaundanþágur sem tilgreindar eru í 10. gr., 4. tölul., 11. gr., 3. tölul., 15. gr., 2. tölul., 18. gr., 2. tölul., 19. gr., 4. tölul., 23. gr., 2. tölul., 24. gr., 2. tölul., og 25. gr., 2. tölul. Í yfirlýsingunni skulu koma fram þær ástæður sem réttlæta slíkar undanþágur.

3. Sérhvert aðildarríki sem hefur birt yfirlýsingu samkvæmt 1. eða 2. tölul. skal í skýrslum sínum um framkvæmd þessarar samþykktar, sem sendar eru samkvæmt ákvæðum 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, fjalla um sérhverja undanþágu sem það færir sér í nyt:

- a. að ástæðurnar fyrir þessari ósk séu viðvarandi; eða
- b. að það afsali sér rétti til að færa sér viðkomandi undanþágu í nyt frá tilteknum degi.

4. Sérhvert aðildarríki sem hefur birt yfirlýsingu samkvæmt 1. eða 2. tölul. skal, eftir því sem við á hvað varðar efni slíkrar yfirlýsingar og aðstæður leyfa:

- a. bæta tilfallandi tímabundið atvinnuleysi;
- b. fjölga þeim sem njóta verndar;
- c. hækka bótaupphæð;
- d. stytta biðtíma;
- e. lengja bótagreiðslutímann;
- f. miða lögboðin almannatryggingakerfi við aðstæður þeirra sem hafa hlutavinnu;

- g. leitast við að tryggja þeim mönnum sem njóta atvinnuleysisbóta læknishjálp, svo og þeim sem eru á framfæri þeirra;
- h. leitast við að tryggja að tekið verði tillit til þeirra tímabila sem slíkar bætur eru greiddar varðandi öflun réttar til almannatryggingabóta og, þar sem við á, við útreikning örorku-, ellilífeyris- og eftirlifendabóta.

6. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að allir hinir tryggðu hafi jafnan rétt, án mismununar vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, þjóðernislegs uppruna, þjóðernis, menningarlegs eða félagslegs uppruna, fötlunar eða aldurs.

2. Ákvæði 1. tölul. skulu ekki koma í veg fyrir að gerðar séu sérstakar ráðstafanir sem helgast af aðstæðum tiltekinna hópa samkvæmt kerfum sem tilgreind eru í 12. gr., 2. tölul., eða er ætlað að mæta sérstökum þörfum þeirra hópa manna sem eiga við sérstök vandkvæði að glíma á vinnumarkaðnum, einkum þeirra hópa sem standa höllum fæti, eða að tvö ríki eða fleiri geri með sér samning um atvinnuleysisbætur sem miðast við gagnkvæman rétt.

II. Uppbygging arðbærrar atvinnustarfsemi.

7. gr.

Sérhvert aðildarríki skal lýsa sem forgangsverkefni þeirri stefnu sinni að stuðla að fullri og arðbærri atvinnu að frjálsum vali með öllum tiltækum ráðum, þ.m.t. almannatryggingum, svo sem vinnumiðlun, starfsþjálfun og starfsráðgjöf.

8. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal leitast við að stofna til, eftir því sem landslög og venjur leyfa, sérstakra áætlana í því skyni að fjölga atvinnutækifærum og veita aðstoð við útvegum atvinnu, svo og að stuðla að arðbærri atvinnu að eigin vali fyrir tiltekna hópa, sem standa höllum fæti eða líklegt er að eigi í erfiðleikum með að fá varanlega vinnu, svo sem konur, ungt fólk, fatlaðir, eldra fólk, þeir sem hafa verið atvinnulausir lengi, farandverkamenn sem dvelja löglega í landinu og launafólk sem skipulagsbreytingar hafa bitnað á.

2. Sérhvert aðildarríki skal tilgreina, í hvaða skýrslum sínum skv. 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuáætlunarinnar, fyrir hvaða hópa það skuldbindur sig til að stuðla að atvinnuáætlunum.

3. Sérhvert aðildarríki skal leitast við smám saman að stuðla að arðbærri atvinnu handa fleiri hópum en gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun.

9. gr.

Þær ráðstafanir sem gert er ráð fyrir í þessum kafla skulu miðast við Samþykkt og Tillögu um starfsfræðslu og starfsþjálfun sem þætti í þróun vinnuafns frá 1975 og Tillögu um atvinnuáætlun (viðbótarákvæði) frá 1984.

III. Gildissvið.

10. gr.

1. Þau tilvik sem þessi samþykkt nær til eru, við aðstæður sem skilgreindar eru í landslögum, algert atvinnuleysi, sem lýst er sem tekjutapi vegna vangetu til að fá atvinnu við hæfi, þannig að tekið sé fullt tillit til ákvæða 21. gr., 2. tölul., ef um er að ræða vinnufæran mann sem er reiðubúinn til að hefja störf og er að leita sér að atvinnu.

2. Sérhvert aðildarríki skal leitast við að stuðla að því að vernd þessarar samþykktar nái, við aðstæður sem mælt er fyrir um, einnig til eftirfarandi tilvika:

- a. tekjutaps vegna atvinnuleysis að hluta sem lýst er sem tímabundnum samdrætti á eðlilegum eða lögbundnum vinnutíma; og

b. tekjuleysis eða lægri tekna vegna tímabundinnar niðurfellingar vinnu, án nokkurs rofs á sambandi atvinnurekanda og starfsmanns, og þá helst af efnahagslegum eða tæknilegum toga, vegna skipulagsbreytinga og þess háttar.

3. Sérhvert aðildarríki skal auk þess leitast við að greiða bætur mönnum í hlutastarfi sem eru að leita sér að fullri atvinnu. Samanlögð upphæð bóta og tekna af hlutastarfi má vera slík að það hvetji viðkomandi til að leita sér að fullri vinnu.

4. Þar sem í gildi er yfirlýsing sem gerð er samkvæmt ákvæðum 5. gr. má fresta framkvæmd 2. og 3. tölul. hér að framan.

IV. Þeir sem njóta verndar.

11. gr.

1. Þeir sem njóta verndar skulu vera í þeim hópum launafólks sem mælt er fyrir um og skal hlutfall þess eigi vera minna en 85% af öllu launafólki, þ.m.t. opinberir starfsmenn og nemar.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. hér að framan má undanskilja vernd opinbera starfsmenn sem hafa trygga atvinnu allt til venjulegs eftirlaunaaldurs sem tryggt er með landslögum eða reglugerðum.

3. Þar sem í gildi er yfirlýsing sem gerð er samkvæmt ákvæðum 5. gr. skulu njóta verndar:

- a. það launafólk sem mælt er fyrir um, þó ekki lægra hlutfall en 50% alls launafólks; eða
- b. þar sem það á sérstaklega við vegna þróunarstigs, það launafólk sem mælt er fyrir um, þó ekki lægra hlutfall en 50% alls launafólks í iðnfyrirtækjum sem hafa 20 eða fleiri starfsmenn í vinnu.

V. Tegund verndar.

12. gr.

1. Ef ekki eru ákvæði um annað í þessari samþykkt getur sérhvert aðildarríki ákveðið hvaða aðferð eða aðferðum það beitir til tryggingarverndar til þess að hrinda í framkvæmd ákvæðum samþykktarinnar, hvort sem það er gert með eða án framlags atvinnurekanda eða launþega eða með blöndu úr báðum kerfum.

2. Ef lög aðildarríkis vernda hins vegar alla þegna sem hafa ekki meira en tilteknar tekjur meðan ástand varir má takmarka bætur miðað við fjárhagsaðstæður bótaþega og fjölskyldu hans, samkvæmt ákvæðum 16. gr.

VI. Veittar bætur.

13. gr.

Miða má veittar bætur, sem greiddar eru hinum atvinnulausa reglulega, við það um hvers konar tryggingarvernd er að ræða.

14. gr.

Ef um algert atvinnuleysi er að ræða skulu bætur veittar í formi reglulegra greiðslna sem eru ákvarðaðar þannig að bótaþegi fái tímabundið meðan ástandið varir hluta af tekjum sínum en um leið sé forðast að draga úr mönnum að fá sér starf eða skapa sér atvinnu.

15. gr.

1. Ef um algert atvinnuleysi og tekjutap vegna tímabundinnar niðurfellingar vinnu er að ræða án þess að nokkurt rof verði á sambandi atvinnurekanda og starfsmanns, ef gert er ráð fyrir bóttum í slíkum tilvikum, skal greiða reglulegar bætur og skulu þær reiknaðar þannig:

- a. þar sem slíkar bætur eru byggðar á framlagi hins tryggða eða framlagi fyrir hans hönd eða byggðar á fyrri tekjum hans skulu þær nema a.m.k. 50% af fyrri tekjum, en heimilt er að

ákveða hámark bóta eða þeirra tekna sem miðað er við, en þær má t.d. miða við laun faglærðs starfsmanns eða meðallaun launafólks í viðkomandi héraði;

- b. ef slíkar bætur eru ekki byggðar á framlögum eða fyrri tekjum skal ákveða að þær verði a.m.k. 50% af lögboðnum lágmarkslaunum eða launum venjulegs launamanns eða nægilega háar til þess að afla mönnum brýnustu lífsnauðsynja, hvort sem nemur hærri upphæð.

2. Þar sem í gildi er yfirlýsing samkvæmt ákvæðum 5. gr. skal bótaupphæðin nema –

- a. a.m.k. 45% af fyrri tekjum; eða
b. a.m.k. 45% af lögboðnum lágmarkslaunum eða launum venjulegs launamanns, en þó ekki minna en nægir til að afla mönnum brýnustu lífsnauðsynja.

3. Þeim hlutfallstölum sem tilgreindar eru í 1. og 2. tölul. má ná með því að bera saman reglulegar nettógreiðslur, að frádregnum sköttum og framlögum, annars vegar við nettótekjur að frádregnum sköttum og framlögum hins vegar.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. má ákveða bætur þær sem veittar eru umfram fyrsta tímabilið, sem tilgreint er í 19. gr. 2. tölul. a, svo og bætur sem aðildarríki greiðir skv. 12. gr. 2. tölul., eftir að tillit hefur verið tekið til annarra tekjuöflunarleiða bótaþega og fjölskyldu hans, umfram tiltekið mark, í samræmi við áður ákveðna launatöflu. Í öllu falli skulu slíkar bætur, ásamt öðrum bótum sem þeir kunna að eiga rétt á, tryggja þeim heilbrigt og hæfilegt lífsviðurværi í samræmi við það sem tíðkast í landinu.

17. gr.

1. Þar sem löggjöf aðildarríkis setur þau skilyrði að atvinnuleysisbætur séu ekki greiddar fyrir en að loknu réttþæfingarskeiði skal slíkur tími ekki vera lengri en svo að með því sé komið í veg fyrir misnotkun.

2. Sérhvert aðildarríki skal leitast við að aðhæfa réttþæfingarskeiðið atvinnuaðstæðum þeirra sem vinna árstíðabundin störf.

18. gr.

1. Ef í löggjöf aðildarríkis eru ákvæði þess efnis að greiðsla bóta við algert atvinnuleysi skuli ekki hefjast fyrir en að loknum biðtíma skal slíkur biðtími ekki vera lengri en sjö dagar.

2. Þar sem í gildi er yfirlýsing samkvæmt ákvæðum 5. gr. skal biðtíminn ekki vera lengri en tíu dagar.

3. Þegar um er að ræða þá sem vinna árstíðabundin störf má miða biðtímann, sem tilgreindur er í 1. tölul., við atvinnuaðstæður þeirra.

19. gr.

1. Bætur þær sem greiddar eru þegar um er að ræða algert atvinnuleysi og tekjutap vegna tímabundinnar niðurfellingar vinnu án nokkurs rofs á sambandi atvinnurekanda og starfsmanns skulu greiddar á meðan slíkt ástand varir.

2. Ef atvinnuleysi er hins vegar algert:

- a. má takmarka fyrsta greiðslutímabil bóta, sem tilgreindar eru í 15. gr., við 26 vikur í hverju tilviki atvinnuleysis eða við 39 vikur á hverju 24 mánaða tímabili;
b. ef atvinnuleysi varir lengur en þetta fyrsta greiðslutímabil bóta má miða bótatímann við tiltekið tímabil og skulu bæturnar miðast við aðstæður bótaþega og fjölskyldu hans, samkvæmt ákvæðum 16. gr.

3. Ef í löggjöf aðildarríkis eru ákvæði um að lengd fyrsta greiðslutímabils bóta, sem tilgreint er í 15. gr., skuli vera háð lengd réttþæfingarskeiðsins skal meðallengd greiðslutíma bóta vera ákveðin a.m.k. 26 vikur.

4. Þar sem í gildi er yfirlýsing samkvæmt ákvæðum 5. gr. má takmarka greiðslutíma bóta við 13 vikur á hverju 12 mánaða tímabili eða við 13 vikur að meðaltali ef í landslögum eru ákvæði um að fyrsta greiðslutímabilið skuli vera háð lengd réttþæfingarskeiðsins.

5. Í þeim tilvikum sem gert er ráð fyrir í 2. tölul. b hér að framan skal sérhvertt aðildarríki leitast við að veita hlutadeigandi mönnum viðeigandi aðstoð til viðbótar í því skyni að gera þeim kleift að finna arðbæra atvinnu að eigin vali, og skal í því sambandi einkum beita þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í II. kafla.

6. Greiðslutíma bóta til þeirra sem vinna árstíðabundin störf má miða við vinnuáætlæður þeirra, án þess að það rýri gildi ákvæða í 2. tölul. b hér að framan.

20. gr.

Greiðslu bóta, sem sá er nýtur tryggingaverndar hefði átt rétt á við atvinnuleysi að hluta eða algert atvinnuleysi eða vegna tekjutaps vegna tímabundinnar niðurfellingar vinnu án nokkurs rofs á sambandi atvinnurekanda og starfsmanns, má hafna, draga þær til baka, fella þær niður eða lækka að því marki sem mælt er fyrir um:

- a. þann tíma sem viðkomandi maður dvelur utan lögsagnarumdæmis aðildarríkisins;
- b. ef hlutadeigandi stjórnvald hefur komist að þeirri niðurstöðu að viðkomandi maður hafi af ásettu ráði stuðlað að uppsögn sinni úr vinnu;
- c. ef hlutadeigandi stjórnvald hefur komist að þeirri niðurstöðu að viðkomandi maður hafi hætt störfum af eigin vilja án tilefnis;
- d. ef viðkomandi maður hefur, meðan á vinnudeilu stendur, lagt niður vinnu til þess að taka þátt í vinnudeilu eða ef hann getur ekki stundað störf sín og það er bein afleiðing af vinnustöðvun af völdum nefndrar vinnudeilu;
- e. ef viðkomandi maður hefur reynt að fá eða fengið bætur með sviksamlegum hætti;
- f. ef viðkomandi maður hefur látið hjá líða, án eðlilegrar ástæðu, að nýta sér þau tækifæri sem honum gefast til að fá vinnu, starfsráðgjöf, þjálfun, endurhæfingu eða tilfærslu í viðeigandi starf;
- g. á meðan viðkomandi maður fær aðra tekjutryggingu samkvæmt ákvæðum laga viðkomandi aðildarríkis, að undanskildum fjölskyldubótum, svo fremi að sá hluti bóta sem felldur er niður sé ekki hærri en hinar bæturnar.

21. gr.

1. Bótagreiðslum, sem sá nýtur tryggingarverndar hefði átt rétt á við algert atvinnuleysi, má neita, draga þær til baka, fella niður eða takmarka að svo miklu leyti sem mælt er fyrir um, ef viðkomandi maður hafnar viðeigandi atvinnu.

2. Við mat á viðeigandi atvinnu skal einkum taka tillit til, við þær áætlæður sem mælt er fyrir um og að því marki sem viðeigandi er, aldurs hinna atvinnulausu, starfstíma þeirra í fyrra starfi, reynslu þeirra, hve lengi þeir hafa verið atvinnulausir, ástandið á vinnumarkaðnum, áhrif viðkomandi atvinnu á einka- og fjölskylduhagi þeirra og hvort atvinnan er fól sem bein afleiðing af vinnustöðvun af völdum yfirstandandi vinnudeilu.

22. gr.

Ef þeir sem njóta tryggingarverndar hafa fengið beint frá vinnuveitanda sínum eða frá einhverjum öðrum aðila samkvæmt landslögum eða reglugerðum eða kjarasamningum vegna uppsagnar án tilefnis af þeirra hálfu aukagreiðslu og megintilgangurinn með henni er að bæta þeim að nokkru leyti tekjutap vegna algers atvinnuleysi

- a. má fella niður atvinnuleysisbætur, sem viðkomandi menn hefðu átt rétt á, um þann tíma sem aukagreiðslan bætir tekjutapið; eða
- b. má lækka aukagreiðsluna vegna uppsagnar án tilefnis af völdum starfsmanns um upphæð sem nemur heildarupphæð atvinnuleysisbóta sem viðkomandi menn eiga rétt á í

sambærilegan tíma og þann sem aukagreiðslan bætir þeim tekjutapið, samkvæmt ákvörðum sérhvers aðildarríkis.

23. gr.

1. Sérhvert aðildarríki sem hefur í löggjöf sinni ákvæði um rétt til lækniþjónustu, sem er beint eða óbeint háð því að viðkomandi hafi atvinnu, skal leitast við að tryggja, við aðstæður sem mælt er fyrir um, að lækniþjónusta sé veitt bótaþegum atvinnuleysisbóta og þeim sem eru á framfæri þeirra.

2. Þar sem í gildi er yfirlýsing samkvæmt ákvæðum 5. gr. má fresta framkvæmd 1. tölul. hér að framan.

24. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal leitast við, við aðstæður sem mælt er fyrir um, að tryggja þeim sem fá atvinnuleysisbætur að sá tími sem þeim eru greiddar bætur verði hafður til hliðsjónar:

- við öflun réttar til og, þar sem við á, útreikning örorku-, ellilífeyris- ogeftirlifendabóta, og
- við öflun réttar til lækniþjónustu og sjúkra-, fæðingar- og fjölskyldubóta að loknu atvinnuleysi, þegar í löggjöf viðkomandi aðildarríkis eru ákvæði um slíkar bætur sem gera þær beint eða óbeint háðar því að menn hafi atvinnu.

2. Þar sem í gildi er yfirlýsing samkvæmt ákvæðum 5. gr. má fresta framkvæmd 1. tölul. hér að framan.

25. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að lögboðið almannatryggingakerfi, sem háð er því að menn hafi atvinnu, sé miðað við vinnuaðstæður þeirra sem vinna hlutastörf, nema vinnutími þeirra eða tekjur, við aðstæður sem mælt er fyrir um, séu óverulegar.

2. Þar sem í gildi er yfirlýsing samkvæmt ákvæðum 5. gr. má fresta framkvæmd 1. tölul. hér að framan.

VII. Sérákvæði um nýja umsækjendur um vinnu.

26. gr.

1. Aðildarríkin skulu taka tillit til þess að margir hópar manna leita eftir vinnu sem hafa aldrei verið eða eru ekki lengur viðurkenndir sem atvinnulausir eða tryggingakerfi til verndar atvinnulausum hafa aldrei náð til eða ná ekki lengur til. Þarafleiðandi skulu a.m.k. þrír af eftirtöldum hópum manna, sem leita eftir vinnu, fá félagslegar bætur með þeim skilyrðum og við þær aðstæður sem mælt er fyrir um:

- ungt fólk sem hefur lokið starfsþjálfun sinni;
- ungt fólk sem hefur lokið námi;
- ungt fólk sem hefur lokið herskyldu;
- þeir sem hafa varið tíma til að ala upp barn eða annast um mann sem er sjúkur, fatlaður eða aldraður;
- þeir sem misst hafa maka, ef þeir eiga ekki rétt á eftirlifendabótum;
- þeir sem eru fráskildir eða skildir að borði og sæng;
- fangar sem látnir hafa verið lausir;
- fulltíða fólk, þ.m.t. fatlaðir menn, sem lokið hefur æfingaskiði;
- farandverkamenn, þegar þeir snúa aftur til heimalands síns, að frádregnum þeim réttindum sem þeir hafa fengið samkvæmt lögum þess lands þar sem þeir störfuðu síðast;
- þeir sem ráku áður sjálfstæða atvinnustarfsemi.

2. Sérhvert aðildarríki skal tilgreina, í skýrslum sínum skv. 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, þá hópa manna úr 1. tölul. hér að framan sem það skuldbindur sig til að veita tryggingarvernd.

3. Sérhvert aðildarríki skal leitast við smám saman að stuðla að tryggingarvernd handa fleiri hópum en gert var ráð fyrir upphaflega.

VIII. Lagaleg, stjórnunarleg og fjárhagsleg ábyrgð.

27. gr.

1. Ef væntanlegum bótaþegum er neitað um greiðslu, hún er dregin til baka, felld niður eða bætur eru lækkaðar eða deilt er um bótaupphæð skulu þeir hafa rétt til að bera fram kvörtun við þann aðila sem stjórnar bótakerfinu og síðan að áfrýja máli sínu til sjálfstæðs aðila. Þeir skulu fá skriflegar upplýsingar um málsmeðferð, sem skal vera einföld og fljótvirk.

2. Við meðferð áfrýjunar skal kröfuhafa gert kleift, samkvæmt ákvæðum laga landsins og venja, að fá hæfan mann að eigin vali eða fulltrúa viðkomandi verkalýðsfélags eða fulltrúa samtaka bótaþega sér til aðstoðar eða til að vera málsvara sinn.

28. gr.

Sérhvert aðildarríki skal bera almenna ábyrgð á góðri stjórnun þeirra stofnana og þjónustuaðila sem falin er framkvæmd þessarar samþykktar.

29. gr.

1. Þegar stjórnunin er í höndum ráðuneytis, sem er ábyrgt gagnvart löggjafarþingi, skulu fulltrúar hinna tryggðu og atvinnurekenda eiga hlutdeild í henni sem ráðgefandi aðilar samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um.

2. Þegar stjórnunin er ekki í höndum ráðuneytis, sem er ábyrgt gagnvart löggjafarþingi:
- a. skulu fulltrúar hinna tryggðu taka þátt í henni sem ráðgefandi aðilar samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um;
 - b. í landslögum eða reglugerðum má einnig hafa ákvæði um þátttöku fulltrúa atvinnurekenda;
 - c. í landslögum eða reglugerðum má enn fremur hafa ákvæði um þátttöku fulltrúa opinberra stjórnvalda.

30. gr.

Í þeim tilvikum þegar ríkisvaldið eða almannatryggingakerfið veitir styrki til þess að tryggja atvinnu skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að greiðslum sé aðeins varið til tilætlaðra nota og koma í veg fyrir svik eða misnotkun af hálfu þeirra sem fá slíkar greiðslur.

31. gr.

Þessi samþykkt er endurskoðun á Samþykkt um ráðstafanir gegn atvinnuleysi frá 1934.

32. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnuáskrifstofunnar til skrásetningar

33. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnuáskrifstofunnarinnar sem hafa látið forstjóran skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

34. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkyningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

35. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóða-vinnu-málastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

36. gr.

Forstjóri alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

37. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

38. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, þá skal:

- a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 34. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;
- b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

39. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal III.**Tillaga nr. 175, um öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofnunarinnar, sem kom saman til 75. þingsetu sinnar í Genf 1. júní 1988 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnuáskrifstofunnar, gefur gaum að viðeigandi alþjóðlegum samþykktum og tillögum, einkum Samþykkt og Tillögu um öryggisráðstafanir (í byggingariðnaði) frá 1937, Tillögu um samvinnu við slysavarnir (í byggingariðnaði) frá 1937, Samþykkt og Tillögu um geislavarnir frá 1960, Samþykkt og Tillögu um öryggisbúnað véla frá 1963, Samþykkt og Tillögu um hámarksþyngd frá 1967, Samþykkt og Tillögu um krabbamein sem atvinnusjúkdóm frá 1974, Samþykkt og Tillögu um vinnuumhverfi (loftmengun, hávaða og titring) frá 1977, Samþykkt og Tillögu um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi frá 1981, Samþykkt og Tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1985, Samþykkt og Tillögu um öryggi við notkun asbests frá 1986, svo og skrá yfir atvinnusjúkdóma, sem var endurskoðuð 1980 og gerð að hluta af Samþykkt um atvinnuslysabætur frá 1964, og

þar eð þingið hefur samþykkt tiltekna ábendingar varðandi öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðlegrar tillögu, sem verði viðauki við Samþykkt um öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði, gerir þingið í dag, 20. júní 1988, eftirfarandi tillögu sem nefna má Tillögu um öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði, 1988:

I. Gildissvið og skilgreiningar.

1. Ákvæði Samþykktar um öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði, 1988 (hér eftir nefnd „samþykktin“), og þessarar tillögu eiga einkum við um:

- a. byggingu, verkfræðivinnu, uppsetningu og niðurrif húsa og annarra mannvirkja, sem gerð eru úr tilbúnum einingum, samkvæmt skilgreiningu í 2. gr., a-lið, samþykktarinnar;
- b. smíð og uppsetningu olíuborþalla og mannvirkja, sem ætlunin er að koma fyrir á hafi úti, á meðan þau eru í smíðum á landi.

2. Í þessari tillögu tákna hugtakið:

- a. „byggingariðnaður“:
 - i. byggingu, þ.m.t. gröft fyrir grunn, smíð, breytingar á byggingu, endurnýjun, viðgerðir, viðhald (þ.m.t. hreinsun og málun) og niðurrif hvers konar húsa og mannvirkja;
 - ii. verkfræðivinnu, þ.m.t. gröft grunna og smíð, breytingar á byggingu, viðgerðir, viðhald og niðurbrot, t.d. á flugvöllum, hafnargörðum, höfnum, skipaskurðum, stíflum; mannvirkjum til varnar gegn ám, skriðuföllum og ágangi sjávar, götum og þjóðvegum, járnbrautum, brúm, jarðgöngum, svifbrúm og mannvirkjum sem reist eru vegna þjónustu svo sem samgangna, frárennsliskerfa, skolpræsa, vatnsveitu og orkuflutningskerfa;
 - iii. uppsetningu og niðurrif húsa og annarra mannvirkja, sem gerð eru úr tilbúnum einingum, svo og framleiðslu tilbúinna eininga á byggingarstað;
- b. „byggingarstaður“ hvern þann stað þar sem fram fer hvers konar vinnsla eða starfræksla sem tilgreind er í a-lið hér að framan;
- c. „vinnustaður“ alla staði sem starfsmenn þurfa að vera á eða fara til vegna vinnu sinnar og eru undir stjórn atvinnurekanda, skv. skilgreiningu í f-lið hér á eftir;
- d. „starfsmaður“ hvern þann mann sem vinnur við byggingar;

- e. „trúnaðarmenn starfsmanna“ þá menn sem hlotið hafa viðurkenningu sem slíkir samkvæmt landslögum eða venju;
 - f. „atvinnurekandi“:
 - i. hvern þann mann eða persónu að lögum sem hefur í þjónustu sinni einn eða fleiri starfsmenn á byggingarstað; og
 - ii. aðalverktaka, verktaka eða undirverktaka, eftir því sem við á hverju sinni;
 - g. „hæfur maður“ mann sem hefur til að bera nægilega hæfni, svo sem víðeigandi þjálfun, fullnægjandi þekkingu, reynslu og færni til þess að inna örugglega af hendi tiltekna vinnu. Hlutadeigandi stjórnvöld geta skilgreint víðeigandi forsendur fyrir útnefningu slíkra manna og geta ákveðið þau verkefni sem þeim eru falin;
 - h. „vinnupallur“ hvers konar bráðabirgðamannvirki, fast, upphengt eða færanlegt, ásamt undirstöðum, sem notað er til að bera uppi starfsmenn og efni eða til að hafa aðgang að slíku mannvirki, og er ekki „lyftitæki“ samkvæmt skilgreiningu í i-lið hér á eftir;
 - i. „lyftitæki“ staðbundið eða færanlegt tæki sem notað er til að lyfta fólki eða efni eða láta það síga;
 - j. „lyftibúnaður“ hvers konar búnað eða tól sem notuð eru til að festa byrði við lyftitæki en eru ekki hluti af lyftitækinu eða byrðinni.
3. Ákvæði þessarar samþykktar skyldu einnig ná til sjálfstæðra atvinnurekenda sem tilgreindir kunna að vera í landslögum eða reglugerðum.

II. Almenn ákvæði.

4. Í landslögum eða reglugerðum skyldu vera ákvæði sem skuldbinda almennt atvinnurekendur og menn sem stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi til að gæta öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum og hlíta settum reglum um öryggi og hollustu.

5. (1) Þegar tveir eða fleiri atvinnurekendur taka að sér framkvæmdir á sama byggingarstað skyldi þeim vera skylt að hafa samvinnu sín í milli, svo og við aðra menn sem taka þátt í smíð þeirri sem fram fer, þ.m.t. eigandann eða fulltrúa hans, í því skyni að fullnægja settum reglum um öryggi og heilbrigði

(2) Aðalverktaki eða sá maður annar sem ber meginábyrgð á framkvæmd verksins skyldi bera endanlega ábyrgð á samræmingu ráðstafana vegna öryggis og heilbrigði.

6. Um þær ráðstafanir sem gera þarf til að tryggja skipulega samvinnu milli atvinnurekenda og starfsmanna hvað varðar að stuðla að öryggi og heilbrigði á byggingarstöðum skyldi vera mælt fyrir um í landslögum eða reglugerðum eða af hlutadeigandi stjórnvaldi. Meðal slíkra ráðstafana má t.d nefn

- a. stofnun öryggis- og heilbrigðisnefnda, þar sem atvinnurekendur og starfsmenn ættu fulltrúa, sem væri veitt vald og ætlaðar skyldur samkvæmt nánari ákvæðum;
- b. kjör eða tilnefningu öryggisfulltrúa starfsmanna sem væri veitt vald og ætlaðar skyldur samkvæmt nánari ákvæðum;
- c. tilnefningu atvinnurekanda á hæfum og reyndum mönnum til að stuðla að auknu öryggi og heilbrigði;
- d. þjálfun öryggisfulltrúa og fulltrúa í öryggisnefndum.

7. Þeir sem sjá um hönnun og undirbúning mannvirkjagerðar skyldu taka tillit til öryggis og heilbrigði byggingarstarfsmanna í samræmi við landslög, reglugerðir og venju

8. Við hönnun tækja, verkfæra, varnarbúnaðar og annarra slíkra tækja skyldi taka tillit til vinnuvistfræðilegra lögmála.

III. Aðgerðir til varnar og verndar.

9. Byggingarvinnu skyldi skipuleggja, undirbúa og framkvæma með þeim hætti:

- a. að hættu, sem upp kann að koma á vinnustað, sé afstýrt svo fljótt sem unnt er;
- b. að unnt sé að forðast óhóflega eða óþarflega erfiða vinnustöðu og hreyfingar;
- c. að við skipulagningu verksins sé tekið tillit til öryggis og heilsu starfsmanna;
- d. að efni og vörur, sem notaðar eru, séu hentugar með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna;
- e. að þær vinnuáferðir séu viðhafðar sem vernda starfsmenn fyrir skaðlegum áhrifum kemískra, líffræðilegra og annarra efnasambanda.

10. Í landslögum eða reglugerðum skyldu vera ákvæði um að hlutaðeigandi stjórnvaldi sé tilkynnt um byggingarstaði af þeirri stærð og gerð, og þar sem framkvæmdir taka þann tíma, sem skilgreint kann að verða nánar.

11. Starfsmenn á sérhverjum vinnustað skyldu hafa rétt til og þeim ætti að vera skylt að taka þátt í að tryggja öruggar vinnuáðstæður hvað varðar stjórn þeirra á tækjum og vinnuáferðum, svo og að tjá skoðanir sínar á vinnuvenjum að svo miklu leyti sem þær hafa áhrif á öryggi og heilsu.

Öryggi á vinnustöðum.

12. Gera skyldi áætlun og framfylgja henni um umgengni á vinnustöðum og skyldu vera í henni ákvæði um:

- a. viðeigandi geymslu fyrir efni og tæki;
- b. fjarlægingu rusls og úrgangs með hæfilegu millibili.

13. Þar sem ekki er unnt að vernda starfsmenn fyrir falli úr hæð með neinum öðrum hætti skyldi

- a. setja upp og viðhalda fullnægjandi öryggisnetum eða öryggisdúkum; eða
- b. útvega og nota fullnægjandi öryggisbelti.

14. Atvinnurekandi skyldi veita starfsmönnum viðeigandi aðstöðu til að gera þeim kleift að nota persónulegan varnarbúnað og skyldi hann tryggja að búnaðurinn sé notaður á réttan hátt. Varnarbúnaður og hlífðarföt skyldu uppfylla skilyrði sem hlutaðeigandi stjórnvald hefur sett þar sem tekið er tillit til vistfræðilegra lögmála að svo miklu leyti sem því verður við komið.

15. (1) Hæfur maður skyldi skoða og prófa öryggi tiltekinna gerða véla og tækja, sem notuð eru í byggingariðnaði, eða að öðrum kosti hvert tæki fyrir sig, eftir því sem við verður komið.

(2) Í landslögum og reglugerðum skyldu vera ákvæði þar sem tekið er tillit til þess að atvinnusjúkdómar kunna að stafa af vélbúnaði, tækjum og kerfum þar sem ekki er tekið tillit til vistfræðilegra lögmála við hönnun.

Vinnupallar.

16. Allir vinnupallar og hlutar þeirra skyldu smíðaðir úr hentugu og góðu efni og vera hæfilega stórir og sterkir til þeirra nota sem þeir eru ætlaðir og skyldi þeim vel við haldið.

17. Allir vinnupallar skyldu rétt hannaðir, uppsettir og þeim haldið við þannig að komið sé í veg fyrir að þeir hrynji eða hreyfist úr stað af hendingu þegar þeir eru rétt notaðir.

18. Vinnupallar, göngubrautir og stigar á vinnuþöllum skyldu vera nægilega stórir og þannig smíðaðir og varðir að þeir veiti mönnum vernd fyrir falli og hættu af fallandi hlutum.

19. Engan vinnupall skyldi yfirhlaða eða misnota á annan hátt.

20. Ekki skyldi reisa vinnupall, breyta honum verulega eða taka hann niður nema undir eftirliti hæfs manns.

21. Hæfur maður skyldi skoða vinnupalla, sem tilgreindir eru í landslögum eða reglugerðum, og skyldi hann skrá niðurstöðurnar:

- a. áður en þeir eru teknir í notkun;
- b. með reglulegu millibili þar eftir;

- c. eftir hvers konar breytingar, eftir að þeir hafa ekki verið notaðir um tíma, eftir að þeir hafa orðið fyrir áhrifum veðurs eða jarðhræringa eða annarra fyrirbæra sem líklegt er að hafi haft áhrif á styrkleika þeirra og stöðugleika.

Lyftitæki og lyftibúnaður.

22. Í landslögum eða reglugerðum skyldu vera ákvæði um hvaða lyftitæki og lyftibúnaður skyldi skoðaður og prófaður af hæfum manni:

- a. áður en hann tekinn í notkun í fyrsta skipti;
- b. eftir uppsetningu á byggingarstað;
- c. síðan með því millibili sem mælt er fyrir um í landslögum eða reglugerðum;
- d. eftir hverja verulegar breytingu eða viðgerð.

23. Niðurstöður skoðana og prófana á lyftitækjum og einstökum hlutum lyftibúnaðar, sem gerðar hafa verið í samræmi við 22. lið hér að framan, skrá og, eftir þörfum, veita hlutadeigandi stjórnvaldi, atvinnurekendum og starfsmönnum eða fulltrúum þeirra aðgang að.

24. Sérhvert lyftitæki, sem þolir tiltekið vinnuálag með öryggi, og hvern einstakan hlut lyftibúnaðar skyldi merkja greinilega með öruggu hámarksvinnuálagi.

25. Sérhvert lyftitæki, sem þolir mismikið vinnuálag með öryggi, skyldi útbúa þannig að notanda þess sé vel ljóst hvert öruggt hámarksvinnuálag er í hverju tilviki og við hvaða aðstæður það gildir.

26. Lyftitæki eða einstakan hlut lyftibúnaðar skyldi ekki lesta umfram öruggt vinnuálag, nema við prófun sem fram fer samkvæmt fyrirmælum og eftir leiðbeiningum hæfs manns.

27. Öll lyftitæki og hvern einstakan hlut lyftibúnaðar skyldi setja upp á réttan hátt, m.a. þannig að öruggt bil sé á milli hvers konar hreyfihluta og fastra hluta, svo og að tryggja stöðugleika tækisins.

28. Ekki skyldi nota nein lyftitæki án viðeigandi merkjabúnaðar eða tækja, þar sem slíkt er nauðsynlegt til þess að forðast hættu.

29. Ökumenn og stjórnendur lyftitækja, sem skilgreind eru í landslögum eða reglugerðum, skyldu:

- a. hafa náð tilteknnum lágmarksaldri,
- b. fá viðeigandi þjálfun og öðlast tilskylda hæfni.

Flutningatæki og tæki til jarðvinnslu, flutninga á jarðvegi og meðferðar á efni.

30. Ökumenn og stjórnendur ökutækja og tækja til jarðvinnslu, flutninga á jarðvegi og meðferðar á efni skyldu hafa fengið þjálfun og verið prófaðir samkvæmt ákvæðum landslaga eða reglugerða.

31. Fyrir hendi skyldi vera fullnægjandi búnaður til merkjagjafar eða önnur stjórn tæki til að afstýra hættu af völdum farartækja og tækja til jarðvinnslu, flutninga á jarðvegi og meðferðar á efni sem eru á ferð. Sérstakar varúðarráðstafanir skyldi gera þegar farartækjum og vinnutækjum er ekið afturábak.

32. Gera skyldi varnarráðstafanir til að koma í veg fyrir að farartæki og tæki til jarðvinnslu, flutninga á jarðvegi og meðferðar á efni falli ofan í grunna og vatn.

33. Þar sem það á við skyldi koma fyrir þannig búnaði í tækjum til jarðvinnslu, flutninga á jarðvegi og meðferðar á efni sem kemur í veg fyrir að stjórnandi þeirra kremjist ef tækið veltur eða hann verður fyrir efni sem fellur á hann.

Grunnar, lóðrétt göng, skurðir, neðanjarðarbyrgi og jarðgöng.

34. Skorður eða aðrar stoðir í hvaða hluta sem er í grunni, lóðréttum göngum, skurðum, neðanjarðarbyrgjum eða jarðgöngum skyldi ekki setja upp, breyta eða taka niður nema undir eftirliti hæfs manns.

35. (1) Hæfur maður skyldi skoða sérhvern hluta grunna, lóðréttra ganga, skurða, neðanjarðarbyrgja og jarðganga þar sem menn eru við vinnu og skyldi sú skoðun fara fram á þeim tímum og í þeim tilvikum sem fyrir er mælt í landslögum eða reglugerðum og niðurstöður hennar skráðar.

(2) Ekki skyldi hefja vinnu á þessum stöðum fyrr en að lokinni slíkri skoðun.

Vinna í hækkuðum loftþrýstingi.

36. Þær ráðstafanir sem gilda um vinnu í hækkuðum loftþrýstingi og fyrir er mælt samkvæmt ákvæðum 21. gr. samþykktarinnar skyldu m.a. vera fólgnar í ákvæðum þar sem mælt er fyrir við hvers konar aðstæður vinnan skal unnin, hvers konar vélasamstæðu og tæki skal nota, um lækniseftirlit og verkstjórn starfsmanna og hve lengi unnið skal í hækkuðum loftþrýstingi.

37. Starfsmanni skyldi því aðeins leyft að vinna í vatnspéttu þrýstihylki að hæfur maður hafi skoðað það innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í landslögum eða reglugerðum; niðurstöður skoðunar skyldu skráðar.

Vinna með fallhamri.

38. Allir fallhamrar og annar slíkur búnaður skyldi vera vel hannaður og smíðaður þannig að tekið hafi verið tillit til vistfræðilegra lögmála, að svo miklu leyti sem því verður við komið, og honum skyldi vel við haldið.

39. Vinna við fallhamra skyldi aðeins fara fram undir eftirliti hæfs manns.

Vinna yfir vatni.

40. Ákvæðin um vinnu yfir vatni, sem sett verða samkvæmt ákvæðum 23. gr. samþykktarinnar, skyldu, þar sem það á við, m.a. kveða á um notkun viðeigandi og fullnægjandi:

- a. girðinga, öryggisneta og öryggisbelta;
- b. björgunarvesta, björgunarhringja, mannaðra báta (vélknúinna ef þörf krefur) og flot-holta;
- c. hlífa fyrir hættum, svo sem snákum og öðrum dýrum.

Hætta fyrir heilsu manna.

41. (1) Hlutadeigandi stjórnvald skyldi koma á fót upplýsingakerfi þar sem notaðar væru niðurstöður alþjóðlegra vísindarannsókna til að veita upplýsingar arkitektum, verktökum, atvinnurekendum og fulltrúum starfsmanna um þá hættu sem heilsu manna er búin af völdum hættulegra efna sem notuð eru í byggingariðnaði.

(2) Framleiðendur og seljendur vöru, sem notuð er í byggingariðnaði, skyldu láta fylgja vörunum upplýsingar um hvers konar hættu sem heilsu manna er búin af þeirra völdum og hvaða varúðarráðstafanir beri að gera.

(3) Við notkun efna sem innihalda hættuleg efnasambönd og við brottflutning og frágang úrgangs skyldi gæta að heilsu starfsmanna og almennings og vernd umhverfisins, svo sem fyrir er mælt í landslögum og reglugerðum.

(4) Hættuleg efni skyldu greinilega merkt og á þeim skyldi vera merkimiði þar sem tilgreindir eru eiginleikar þeirra og leiðbeiningar um notkun. Meðferð þeirra skyldi vera við þær aðstæður sem mælt er fyrir um í landslögum og reglugerðum eða af hlutadeigandi stjórnvaldi.

(5) Hlutadeigandi stjórnvald skyldi ákvarða hvaða hættuleg efni skyldi banna til notkunar í byggingariðnaði.

42. Hlutadeigandi stjórnvald skyldi halda skrár um eftirlit með vinnuumhverfi og mat á heilsufari starfsmanna í þann tíma sem tiltekinn er í landslögum og reglugerðum.

43. Forðast skyldi að láta starfsmenn lyfta með handafli mikilli byrði, sem veldur þeim hættu hvað varðar öryggi þeirra og heilsu, með því að minnka byrðina með vélknúnum tækjum eða með öðrum hætti.

44. Þegar nýjar vörur, tæki og vinnuaðferðir eru teknar í notkun skyldi gefa sérstakan gaum að því að fræða og þjálfa starfsmenn hvað varðar áhrif þeirra á öryggi starfamanna og heilsu.

Hættulegt andrúmsloft.

45. Ráðstafanir vegna hættulegs andrúmslofts, sem lögboðnar eru samkvæmt ákvæðum 28. gr., 3. lið, samþykktarinnar, skyldu m.a. að vera fólgnar í fyrirfram fenginni skriflegri heimild eða leyfi hæfs manns eða hvers konar kerfi öðru sem er með þeim hætti að menn geti aðeins öðlast aðgang að hverju því svæði þar sem hættulegt andrúmsloft getur verið til staðar eftir að þeir hafa lokið tilteknum undirbúningi.

Eldvarnir.

46. Þar sem slíkt er nauðsynlegt til þess að forðast hættu skyldu starfsmenn fá viðeigandi þjálfun í því til hvaða aðgerða þeir eigi að grípa ef eldur verður laus, m.a. hvernig flóttaleiðir skyldu notaðar.

47. Þar sem það á við skyldi komið fyrir viðeigandi merkingum til að gefa til kynna á augljósan hátt í hvaða átt flýja skyldi eldsvoða.

Hætta af völdum geislunar.

48. Hlutadeigandi yfirvald skyldi semja og framfylgja ströngum öryggisreglum um starfsmenn í byggingariðnaði sem vinna við viðhald, endurnýjun, niðurrif eða sundurtekt hverra þeirra bygginga þar sem hætta er á að menn verði fyrir jónandi geislun, einkum í kjarnorkuiðnaði.

Skyndihjálp.

49. Fyrirmæli um með hvaða hætti skyldi séð fyrir starfsmönnum og aðstöðu fyrir skyndihjálp samkvæmt ákvæðum 31. gr. samþykktarinnar skyldu vera í landslögum eða reglugerðum sem samdar eru að höfðu samráði við hlutadeigandi heilbrigðisyfirvöld og viðkomandi aðalsamtök atvinnurekenda og starfsmanna.

50. Þar sem vinna felur í sér hættu á drukknun, köfnun eða raflosti skyldu starfsmenn skyndihjálpar vera vel þjálfaddir í beitingu lífgunaraðferða og annarrar tækni til að bjarga lífi manna, svo og í björgunaraðferðum.

Aðbúnaður.

51. Þar sem það á við skyldu vera fyrir hendi fullnægjandi aðstæður til að fá eða útbúa mat og drykk á eða nærri byggingarstað, ef ekki er séð fyrir slíku með öðrum hætti, og skyldi í þessu sambandi tekið tillit til fjölda startsmanna, tímalengdar framkvæmda og staðsetningar byggingarstaðar.

52. Hentugar vistarverur skyldu vera fyrir hendi fyrir starfsmenn á byggingarstað sem eru fjarri heimilum þeirra, þar sem ekki er séð fyrir fullnægjandi flutningum milli byggingarstaðar og heimila þeirra og aðrar hentugar vistarverur eru ekki fyrir hendi. Karlkyns og kvenkyns starfsmönnum skyldi séð fyrir aðskilinni hreinlætisaðstöðu og aðskildu gistirými.

IV. Áhrif á fyrri tillögur.

53. Þessi tillaga kemur í stað tillögu um öryggisráðstafanir (í byggingariðnaði) frá 1937 og tillögu um samvinnu við slysavarnir (í byggingariðnaði) frá 1937.

Fylgiskjal IV.**Tillaga nr. 176, um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofnunarinnar, sem kom saman til 75. þingsetu sinnar í Genf 1. júní 1988 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnuáskrifstofunnar, hefur samþykkt tiltekna ábendingar varðandi aukna atvinnu og almannatryggingar, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu, sem verði viðauki við Samþykkt um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi, 1988, gerir þingið í dag, 21. júní 1988, eftirfarandi tillögu sem nefna má Tillögu um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi, 1988:

I. Almenn ákvæði.

1. Í þessari tillögu merkir hugtakið:
 - a. „löggjöf“ allar reglur um almannatryggingar, auk laga og reglugerða;
 - b. „mælt er fyrir um“ það sem kveðið er á um í landslögum eða gert í krafti þeirra.
 - c. „samþykktin“ Samþykkt um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi, 1988.

II. Uppbygging arðbærrar atvinnustarfsemi.

2. Uppbygging fullrar og arðbærrar atvinnustarfsemi og atvinnu að eigin vali með öllum tiltækum ráðum, þ.m.t. almannatryggingum, ætti að vera eitt helsta markmið í stefnu stjórnvalda. Slík stefna ætti m.a. að taka til vinnumiðlunar, starfsþjálfunar og starfsráðgjafar.

3. Þegar kreppir að í efnahagsmálum ættu aðgerðir til úrbóta m.a. að vera, við aðstæður sem mælt er fyrir um, fólgnar í ráðstöfunum til að hvetja menn til að hafa frumkvæði að atvinnustarfsemi þar sem nota þarf mikið vinnuafli.

4. Aðildarríkin ættu einkum að leitast við að veita, við aðstæður sem mælt er fyrir um og með þeim hætti sem er best viðeigandi, í því skyni að hvetja til tilfærslu vinnuafli milli starfsstétta:

- a. fjárstyrk vegna ferða- og tækjakostnaðar sem nauðsynlegur er til þess að nýta þá þjónustu sem tilgreind er í 2. tölul. hér að framan;
- b. fjárstyrk í formi reglulegra greiðslna sem miðaðar eru við ákvæði 15. gr. samþykktarinnar í þann tíma sem mælt er fyrir um varðandi starfsþjálfun og endurþjálfun.

5. Aðildarríki ættu auk þess einkum að taka til athugunar að veita, við aðstæður sem mælt er fyrir um og með þeim hætti sem er best viðeigandi, í því skyni að hvetja til tilfærslu vinnuafli milli starfsstétta eða milli héraða:

- a. tímabundinn fjárstyrk, sem fer smám saman minnkandi, sem ætlað er, þar sem við á, að vega upp á móti tekjutapi vegna þess að launþegum eru fengin önnur störf en þeir höfðu áður;
- b. fjárstyrk vegna ferða- og flutningskostnaðar;
- c. fjárstyrk vegna fjarveru frá heimili;
- d. fjárstyrk vegna búsetu á nýjum stað.

6. Aðildarríkin ættu að tryggja samhæfingu í starfsemi lögbundinna eftirlaunasjóða og hvetja til samhæfingar í starfsemi eftirlaunasjóða einkaaðila til þess að auðvelda mönnum að flytja sig milli starfa.

7. Aðildarríkin ættu að veita hinum tryggðu, við aðstæður sem mælt er fyrir um, aðstöðu til að gera þeim kleift að vinna launuð tímabundin störf án þess að stofna í hættu atvinnu annarra launþega og í þeim tilgangi að auka sína eigin möguleika á að fá arðbæra atvinnu að eigin vali.

8. Aðildarríkin ættu, að svo miklu leyti sem unnt er, að bjóða atvinnulausum mönnum, sem óska eftir því að stofna sitt eigið fyrirtæki eða hefja aðra arðbæra starfsemi, fjárhagsaðstoð og ráðgjöf við aðstæður sem mælt er fyrir um.

9. Aðildarríkin ættu að athuga um gerð gagnkvæmra eða fjölþjóðasamninga þar sem kveðið er á um aðstoð við erlenda launþega, sem tryggðir eru samkvæmt lögum þeirra, sem að frjálsum vilja óska eftir því að snúa aftur til lögsögu þess ríkis þar sem þeir eru ríkisborgarar eða þar sem þeir bjuggu áður. Þar sem slíkir samningar eru ekki í gildi ætti aðildarríki að veita umræddu launafólki fjárhagsaðstoð með því að setja um það lög.

10. Aðildarríkin ættu, samkvæmt því, ef við á, með ákvæðum í fjölþjóðasamningum, að nota þá fjármuni sem safnast hafa í lögbundna lífeyrissjóði og varasjóði með þeim hætti að það stuðli að en letji ekki atvinnustarfsemi í landinu og hvetja einkaaðila til slíkrar fjárfestingar, þ.m.t. lífeyrissjóði einkaaðila, jafnframt því að afla nauðsynlegra trygginga og tryggja arð af slíkri fjárfestingu.

11. Aukin félagsleg þjónusta í strjálbýli og þéttbýli, þ.m.t. heilsugæsluþjónusta, sem kostuð er með framlögum til almannatrygginga eða með öðrum hætti, ætti að leiða til aukinnar vinnu og möguleika til þjálfunar starfsfólks, jafnframt því að vera góður skerfur í viðleitni stjórnvalda til atvinnuuppbyggingar.

III. Tryggingarvernd atvinnulausra.

12. Þegar um er að ræða atvinnuleysi að hluta og í þeim tilvikum sem tilgreind eru í 10. gr., 3. tölul., samþykktarinnar, ætti að greiða bætur við aðstæður sem mælt er fyrir um, með reglulegum greiðslum sem eru sanngjörn uppbót fyrir tekjutap af völdum atvinnuleysis. Reikna mætti slíkar bætur með hliðsjón af vinnustundafækkun sem hinir atvinnulausu hafa orðið fyrir eða þannig að bætur og tekjur af hlutavinnu nemi samtals upphæð sem sé meðaltal af fyrri tekjum af fullri vinnu og fullum atvinnuleysisbótum, til þess að draga ekki úr mönnum að vinna hlutavinnu eða íhlaupavinnu, þegar slík vinna getur stuðlað að því að menn fái aftur fulla vinnu.

13. (1) Þær hlutfallstölur sem tilgreindar eru í 15. gr. samþykktarinnar til útreikninga á bótum ætti að byggja á heildartekjum bótaþega áður en frá þeim eru dregnir skattar og almannatryggingagjöld.

(2) Ef við á má finna slíkar hlutfallstölur með því að bera saman reglulegar nettógreiðslur að frádregnum sköttum og framlögum, við nettótekjur að frádregnum sköttum og framlögum.

14. (1) Hugtakið vinna við hæfi ætti, við aðstæður sem mælt er fyrir um, ekki að eiga við:

- a. vinnu sem felur í sér breytingu á starfi þar sem ekki er miðað við getu, hæfni, færni, starfsreynslu eða möguleika til endurþjálfunar viðkomandi starfsmanns;
- b. vinnu sem útheimtir flutning til staðar þar sem viðeigandi húsnæði er ekki fyrir hendi;
- c. vinnu þar sem aðstæður og laun eru verulega lakari en yfirleitt tíðkast á sambærilegum tíma í greininni og héraðinu þar sem vinnan er í boði;
- d. starf sem er laust sem bein afleiðing af vinnustöðvun af völdum yfirstandandi vinnudeilu;
- e. vinnu sem ekki er óeðlilegt að sé hafnað af einhverri annarri ástæðu en þeim sem tilgreindar eru í málslíðum a til d, með fullu tilliti til allra aðstæðna, þ.m.t. fjölskylduaðstæður viðkomandi manns.

(2) Við mat á forsendum þeim sem tilgreindar eru í málslíðum a til c og e hér að framan ætti almennt að taka tillit til aldurs hinna atvinnulausu, tíma þeirra í fyrri starfi, fengna starfsreynslu, lengd atvinnuleysis, aðstæður á vinnumarkaðnum og áhrif þess á einka- og fjölskylduhagi þeirra við að fá vinnu.

15. Ef atvinnulaus maður hefur samþykkt að þiggja, í hámarkstíma, sem mælt er fyrir um, íhlaupavinnu, sem ekki getur talist við hæfi samkvæmt skilgreiningu 14. tölul. hér að framan, eða hlutavinnu við aðstæður sem tilgreindar eru í 10. gr., 3. tölul., samþykktarinnar, ættu tekjur hins atvinnulausa af slíkri vinnu ekki að hafa áhrif á upphæð og greiðslutímabil bóta sem greiddar eru við lok slíkrar vinnu.

16. Aðildarríkin ættu að stuðla að því smám saman að löggjöf þeirra um atvinnuleysisbætur nái til allra launþega. Hins vegar má undanskilja tryggingarvernd opinbera starfsmenn ef þeim með landslögum eða reglugerðum er tryggt atvinna til venjulegs eftirlaunaaldurs.

17. Aðildarríkin ættu að leitast við að veita því launafólki vernd sem á biðtíma líður skort.

18. Eftirtalin ákvæði ættu, eftir því sem við á, að eiga við þá hópa manna sem nefndir eru í 26. gr., 1. tölul., samþykktarinnar:

- a. ef um er að ræða algert atvinnuleysi má reikna bætur samkvæmt ákvæðum 16. gr. samþykktarinnar;
- b. aðlaga ætti réttþæfingarskeiðið eða sleppa því, við aðstæður sem mælt er fyrir um, þegar í hlut eiga tilteknir hópar manna sem eru nýbyrjaðir að leita eftir vinnu;
- c. þegar bætur eru greiddar án réttþæfingarskeiðs:
 - i. má auka biðtímann að þeim mörkum sem mælt er fyrir um;
 - ii. má takmarka greiðslutímabil bóta, við aðstæður sem mælt er fyrir um, þrátt fyrir ákvæði 19. gr., 1. tölul., samþykktarinnar.

19. Þegar greiðslutímabil bóta er takmarkað með landslögum ætti að lengja það, við aðstæður sem mælt er fyrir um, fram að eftirlaunaaldri þegar í hluta eiga atvinnulausir menn, sem hafa náð þeim aldri sem mælt er fyrir um, áður en þeir ná eftirlaunaaldri.

20. Aðildarríki, sem hafa löggjöf sem tryggir mönnum lækniþjónustu og setur það sem beint eða óbeint skilyrði fyrir henni að menn hafi atvinnu, ættu að leitast við að tryggja, við aðstæður sem mælt er fyrir um, lækniþjónustu handa atvinnulausum mönnum, þ.m.t., ef mögulegt er, þeim sem ekki fá atvinnuleysisbætur og þeim sem eru á framfæri þeirra.

21. Aðildarríkin ættu að leitast við að tryggja þeim mönnum sem fá atvinnuleysisbætur, við aðstæður sem mælt er fyrir um, að greiðslutímabil bóta verði höfð til hliðsjónar:

- a. við öflun réttar til og, þar sem við á, við útreikning örorku-, ellilífeyris- og eftirlifendabóta, og
- b. við öflun réttar til lækniþjónustu og sjúkra-, fæðingar- og fjölskyldubóta að atvinnuleysi loknu, þegar löggjöf viðkomandi aðildarríkis hefur ákvæði um slíkar bætur og gerir þær beint eða óbeint háðar því að menn hafi atvinnu.

22. Aðildarríkin ættu að leitast við að aðhæfa lögbundið almannatryggingakerfi, sem miðast við það að menn hafi atvinnu, að atvinnuaðstæðum launafólks í hlutavinnu. Slík aðhæfing, sem tilgreind er í 25. gr. samþykktarinnar, ætti, við aðstæður sem mælt er fyrir um, einkum að eiga við um:

- a. lágmarksvinnutímafjölda og lágmarkstekjur sem eru forsenda bóta samkvæmt grundvallarkerfi eða viðbótarkerfi;
- b. hámarkstekjur fyrir útreikning framlaga;
- c. réttþæfingarskeiðið til að öðlast rétt á bótum;
- d. aðferðir til að reikna út fébætur, einkum ellilífeyri, miðað við tekjur og um hve langan tíma framlög hafa verið greidd, hve langur tryggingartíminn er og hve langur starfstíminn er;
- e. rétt til óskertra lágmarksbóta og staðlaðra bóta, einkum fjölskyldubóta.

23. Aðildarríkin ættu að leitast við að efla skilning á harðræði hinna atvinnulausu, einkum þeirra sem hafa verið atvinnulausir um langan tíma, svo og þörf þeirra fyrir nægilegar tekjur.

IV. Þróun og endurbætur á tryggingarkerfum.

24. Þar eð tryggingarkerfi í þágu atvinnulausra eru á frumstigi þróunar í sumum aðildarríkjum og önnur ríki kunna að verða að ihuga breytingar á núverandi kerfum með tilliti til breyttra þarfa er eðlilegt að ýmsar aðferðir komi til greina í aðstoð við atvinnulausa og aðildarríkin ættu að leggja mikla áherslu á opinskáa og hreinskilna umræðu um áætlanir um aðstoð við atvinnulausa.

25. Með tilliti til þess að ná a.m.k. þeim stöðlum sem tilgreindir eru í IV. kafla (Atvinnuleysisbætur) í Samþykkt um lágmark félagslegs öryggis frá 1952 ættu þau aðildarríki sem hyggjast koma sér upp tryggingarkerfi gegn atvinnuleysi að hafa eftirtalin ákvæði, að svo miklu leyti sem mögulegt er og við á, til hliðsjónar.

26. (1) Aðildarríkin ættu að gera sér grein fyrir þeim tæknilegu og stjórnnunarlegu vandkvæðum sem eru því samfara að skipuleggja og koma á almannatryggingakerfi til greiðslu atvinnuleysisbóta. Í því skyni að koma á atvinnuleysisbótum með greiðslu sömu bóta til allra ættu þau að leitast við að uppfylla eftirtalin skilyrði sem fyrst:

- a. að stofna og reka með viðunandi hætti ókeypiss vinnumiðlun, sem samanstendur af mörgum vinnumiðlunarskrifstofum og hefur nægilega góða stjórnnunarlega aðstöðu til að safna og greina upplýsingar um vinnumarkaðinn, skrá vinnutilboð og umsækjendur um vinnu og sannreyna á hlutlausan hátt að menn séu atvinnulausir gegn vilja sínum;
- b. að hafa sémilega tryggingarvernd og viðtæka reynslu í stjórnun á öðrum sviðum almannatrygginga sem teljast hafa forgang af félagslegum og efnahagslegum ástæðum, svo sem undirstöðuheilsugæslu og vinnuslysabætur.

(2) Aðildarríkin ættu hafa það sem eitt helsta forgangsverkefni sitt að leitast við að uppfylla þau skilyrði sem tilgreind eru í 1. mgr. hér að framan með því að stuðla að því að nægilega mikil og stöðug atvinna sé í boði fyrir viðunandi laun og við viðunandi aðstæður, einkum með því að grípa til nauðsynlegra og viðeigandi ráðstafana, svo sem starfsráðgjafar og þjálfunar, til þess að menn geti að eigin vali aðlagð þá færni sem fyrir hendi er að lausum störfum á vinnumarkaðnum.

(3) Aðildarríkin ættu að halda áfram að nýta sér samvinnu og tæknilegar ráðleggingar alþjóðavinnuáskrifstofunnar til að styðja við sérhvert frumkvæði þeirra í þessu skyni, ef þau skortir sérfræðipækkingu.

(4) Þegar þau skilyrði sem tilgreind eru í 1. mgr. hér að framan hafa verið uppfyllt ættu aðildarríkin, eins fljótt og efnahagur þeirra leyfir, og í áföngum ef nauðsynlegt reynist, að stofna til áætlana um vernd atvinnulausra, þ.m.t. almannatryggingakerfi til að greiða atvinnuleysisbætur.

27. Í þeim tilvikum þar sem ekki eru uppfyllt þau skilyrði sem tilgreind eru í 26. tölul., 1. mgr., hér að framan ættu aðildarríkin að hafa sem forgangsverkefni að gera sérstakar ráðstafanir til að hjálpa þeim atvinnulausu mönnum sem eru mestrar hjálpar þurfi, að svo miklu leyti sem efnahagur landsins leyfir og miðað við aðstæður í þjóðfélagin

28. Aðildarríki, sem hafa stofnað almennan viðlagasjóð, gætu tekið til athugunar að heimila greiðslu reglulegra fébóta til þeirra reikningseigenda sem verða fyrir tekjutapi vegna langvarandi atvinnuleysis og hafa erfðar fjölskylduáðstæður, í því skyni að sjá þeim fyrir brýnustu lífsnauðsynjum. Upphæð slíkra bóta og greiðslutímabil gæti verið takmarkað eftir áðstæðum, einkum sú upphæð sem lögð er inn á reikninginn.

29. Aðildarríkin gætu einnig hvatt samtök atvinnurekenda og launafólks til að stofna viðlagasjóði sem næðu til eins eða fleiri fyrirtækja. Slíku mætti koma á með góðum árangri innan fyrirtækja og í starfsgreinum þar sem efnahagur leyfir.

30. Aðildarríki, sem hafa löggjöf sem kveður á um að atvinnurekendur skuli inna af hendi aukagreiðslu til starfsmanna sem misst hafa starf sitt, ættu að huga að því að hafa ákvæði um að atvinnurekendur skuli bera slíka ábyrgð sameiginlega með stofnun sjóða með framlögum atvinnurekenda, til þess að tryggja að viðkomandi launþegar fái slíkar greiðslur.

Fylgiskjal V.**Ræða félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur,
á 75. allsherjarþingi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar
6. júní 1988.**

Hr. forseti.

Ég vil byrja á því að óska yður til hamingju með kosningu í embætti forseta 75. Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Ég er þess fullviss að þér munuð rækja það trúnaðarstarf með ábyrgð og festu þannig að þingið ljúki þeim mikilvægu málefnum sem eru á dagskrá.

Fyrri hluti skýrslu forstjóra til 75. Alþjóðavinnuálastofnunarinnar fjallar að þessu sinni um framvindu mannréttinda í ljósi vaxandi efnahagsörðugleika og aukins atvinnuleysis í mörgum heimshlutum. Með þessum hætti leggur ILO sitt af mörkum til að minnast þess að 40 ár eru liðin frá samþykkt mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.

Aukin mannréttindi eru eitt þeirra málefna sem Alþjóðavinnuálastofnunin hefur frá upphafi beitt sér fyrir. Þótt ýmislegt hafi áunnist eru mannréttindi allt of víða fótum troðin. Nokkur tilvik skera sig úr. Í Suður-Afríku er kynþáttaaðskilnaðarstefnunni haldið til streitu af stjórn hvíta minni hlutans, enda þótt fordæming heimsins á þessari grimmilegu stefnu gerist sem betur fer sífellt háværari. Íslenska ríkisstjórnin hefur tekið eindregna afstöðu gegn Apartheid-stefnunni og er í samvinnu við aðrar ríkisstjórnir Norðurlandanna um virka andstöðu gegn henni. Ríkisstjórnin hefur gripið til ýmissa aðgerða. Ég vil sérstaklega geta þess að í lok apríl síðastliðins samþykkti Alþingi Íslendinga að setja viðskiptabann á Suður-Afríku.

Í Norður-Evrópu, þeim heimshluta sem Ísland tilheyrir, hafa grundvallarmannréttindi eins og tjáningar- og félagafrelsi lengi verið í hávegum höfð. Við þær aðstæður sem þar ríkja eru áherslur töluvert aðrar en meðal þjóða sem enn eru að koma á áður nefndum réttindum. Að þessu er vikið í skýrslu forstjóra.

Á Íslandi hefur baráttan fyrir jafnrétti kynjanna verið sú hlið mannréttinda sem mest hefur verið til umfjöllunar. Núverandi ríkisstjórn Íslands, sem tók við völdum í júlí 1987, leggur sérstaka áherslu á jafnréttis- og fjölskyldumál. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að koma á jafnrétti kvenna og karla með sérstakri áherslu á launajafnrétti. Þar er einnig lögð áhersla á sveigjanlegan vinnutíma og að stytta vinnutíma án þess að tekjur skerðist.

Sá þáttur jafnréttismála sem ríkisstjórnin hefur nýlega látið rannsaka sérstaklega er kjör kvenna á vinnumarkaðinum. Það hefur komið í ljós að störf kvenna eru minna metin í þjóðfélaginu en karla. Karlmennt fá í ríkari mæli en konur hvers konar aukagreiðslur, eins og bílastyrki, yfirborganir og greiðslur fyrir aukavinnu. Hlutfall kvenna í ábyrgðarstöðum er mun lægra en karla enda þótt menntun þeirra hafi fleygt mjög fram síðustu 10 árin.

Ríkisstjórn Íslands hefur mótað framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um markvissar aðgerðir til að ná jafnrétti kynjanna í íslensku þjóðfélagi. Eitt af því sem reynt verður er að hvert ráðuneyti og sérhver opinber stofnun setji sér sérstaka áætlun um það hvernig jafnrétti innan stofnunarinnar verði aukið. Stjórnvöld binda mikla vonir við slíkar áætlanir. Þess má einnig geta að Ísland tekur þátt í samstarfsverkefni með öðrum Norðurlöndum sem hefur það að markmiði að eyða hinum kynskipta vinnuarkaði.

Á allra síðustu árum hefur þróunin á Íslandi þrátt fyrir allt verið konum í hag. Merkur áfangi náðist þegar íslensk kona varð fyrst allra kvenna í heiminum til að ná kosningu í almennum lýðræðislegum kosningum sem þjóðhöfðingi. Kosning Vigdísar Finnbogadóttir sem forseta Íslands hefur orðið öðrum íslenskum konum mikil hvatning til að sækja fram á öllum sviðum þjóðlífsins.

Eitt af grundvallarmarkmiðunum í stefnu ríkisstjórna Íslands í efnahags- og atvinnuá-
um hefur verið að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Á sl. 40 árum hefur atvinnuleysi verið nær

óþekkt. Þar með hefur landið í raun uppfyllt þau markmið sem sett eru fram í 2. gr. samþykktar nr. 122, um stefnu í atvinnumálum. Þess má geta að atvinnuleysi hefur áratugum saman verið um og innan við 1% af mannafla á vinnumarkaði. Það hefur ekki alltaf verið auðvelt að viðhalda þessu ástandi á vinnumarkaðinum. Þar veldur mestu einhæfnin í útflutningi landsins. Ísland byggir lífsafkomu sína á fiskveiðum. Meira en 70% af gjaldeyris-tekjum þjóðarinnar er vegna útflutnings fisks eða fiskafurða. Þegar erfiðleikar hafa steðjað að þeirri atvinnugrein, annaðhvort vegna verðfalls á útflutningsmörkuðum eða aflaleysis, hafa stjórnvöld neyðst til að beita mjög hörðum efnahagsaðgerðum til þess að geta viðhaldið fullri atvinnu. Í skýrslu forstjóra kemur fram skilningur á mismunandi aðstöðu aðildarríkjanna í þessu sambandi. Það er vissulega áhyggjuefni að ríkisstjórn Íslands hafi stundum þurft að grípa til setningu laga í því skyni að takmarka launahækkunarir. Markmiðið með slíkri lagasetningu hefur hins vegar fyrst og fremst verið að treysta atvinnuöryggi, draga úr verðbólgu og tryggja kaupmátt launa, einkum þeirra lægst launuðu.

Ég vil geta þess að ríkisstjórnin hefur í undirbúningi að fullgilda nokkrar alþjóðasamþykktir. Samþykkt nr. 122, um stefnu í atvinnumálum, er þeirra á meðal.

Það er rétt að taka fram að núverandi ríkisstjórn er að leita fjölbreytilegri leiða til að bæta samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega og þar með auka atvinnuöryggið. Meðal ályktana sem 4. Evrópuþing ILO afgreiddi, en það var haldið í september sl., var tillaga um starfsmenntun í atvinnulífni. Í henni er lögð rík áhersla á að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins taki höndum saman og efli og um leið fjölgi tækifærum launafólks til að njóta starfs- og endurmenntunar. Þennan boðskap taka íslensk stjórnvöld alvarlega. Þau hafa verið og eru að vinna að heildarstefnumótun á þessu sviði.

Þess má geta að aðilar vinnumarkaðarins eru mjög vel vakandi um þýðingu þessa. Ákvæðum í kjarasamningum um starfsmenntun hefur fjölgað mjög mikið síðustu missirin.

Á dagskrá þessa þings eru fjölmörg mikilvæg málefni. Fyrir því liggur að afgreiða drög að nýrri alþjóðasamþykkt um aukið framboð vinnu og félagslegt öryggi. Þótt Ísland sé eitt af fáum ríkjum veraldar þar sem atvinnuleysi er óþekkt styðjum við eindregið þau sjónarmið sem fram koma í þeim drögum sem liggja fyrir þinginu. Gegn atvinnuleysi verður að berjast með öllum ráðum. Þar er mannleg reisn í veði.

Slys í byggingariðnaði eru allt of mörg á Íslandi. Íslensk stjórnvöld hafa með ýmsum hætti reynt að draga úr slysatíðni á þessari atvinnugrein. Í gildi eru ítarleg lög um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Vinnueftirlit ríkisins hefur hert eftirlit með því að farið sé eftir ákvæðum þessara laga, sérstaklega á vinnustöðum í byggingariðnaði. En ég er þeirrar skoðunar að á þessu sviði verði að leita nýrra leiða. Ný alþjóðasamþykkt og tillaga á þessu sviði verður án efa mikilvægt framlag til slysavarna í byggingariðnaðinum.

Fjárhagsmál Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar eru áhyggjuefni. Slæmur fjárhagur stofnunarinnar leiðir til þess að draga verður úr aðstoð og þjónustu. Það kemur fyrst og fremst niður á þeim sem síst skyldi, þjóðum sem annað hvort eru fámennar eða fátækar en þær þurfa oftast á mestri aðstoð að halda. Mörgum þessara þjóða reynist einnig erfitt að kosta þrihliða sendinefnd til þriggja vikna þátttöku í Alþjóðavinnuálagþinginu. Ég er þeirrar skoðunar að stofnunin eigi að taka meira tillit til þessara atriða. Það á að vera markmið hennar að aðildarríkjunum, hvort sem þau eru fjölmenn eða fámenn, rík eða fátæk, verði gert jafnaðvelt að taka þátt í starfsemi hennar. Sérhver þjóð hefur hlutverki að gegna í samfélagi þjóðanna, einnig þær fámennu og fátæku. Fundur Gorbatsjovs og Reagans á Íslandi haustið 1986 sýnir að fámennar þjóðir geta lagt sitt af mörkum í alþjóðlegu samstarfi og um leið stuðlað að varanlegum friði í heiminum.

Hr. forseti.

Ég vil ljúka máli mínu með því að óska ILO gæfu og gengis í framtíðinni við það mikilvæga verkefni að eyða félagslegu ranglæti í heiminum og með þeim hætti gera jörðina að friðsamlegri bústað.

Fylgiskjal VI.**Skýrsla nefndar um málefni Alþjóðavinnuáráðs Evrópu og framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu.**

Samstarf fulltrúa ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins er eitt af því sem skapar Alþjóðavinnuáráðsnefnduninni sérstöðu meðal annarra stofnana sem starfa innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Í öllum nefndum og ráðum stofnunarinnar eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. ILO hefur með ýmsum hætti reynt að hafa áhrif á aðildarríkin í þá átt að þau taki upp hliðstæða samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks um málefni vinnumarkaðarins. Dæmi um þetta er alþjóðasamþykkt nr. 144, um samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála sem Ísland fullgilti árið 1981. Í anda þessarar samþykktar var skipuð 16. apríl 1982 samstarfsnefnd ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnuáráðsnefndunina. Á árinu 1988 skipuðu eftirtaldir nefndina: Fulltrúi Alþjóðsambands Íslands, Kristín Mäntylä, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, Hrafnhildur Stefánsdóttir, fulltrúi félagsmálaráðuneytisins og jafnframt formaður nefndarinnar, Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

Á árinu voru nefndinni fengin aukin verkefni. Í framhaldi af samkomulagi milli félagsmálaráðuneytisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins var ILO nefndinni falið að fjalla um framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu. En samkvæmt samkomulaginu tók félagsmálaráðuneytið við samningu skýrslu ríkisstjórnar Íslands um framkvæmd ákvæða sáttmálans sem mörg hver eiga sér hliðstæðu í alþjóðasamþykktum ILO.

Nefnd um samskipti Íslands við Alþjóðavinnuáráðsnefndunina hélt á árinu 1988 samtals 12 fundi. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru:

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykktar á sviði vinnumála.

Í fyrri frásögnum af starfi nefndarinnar hefur komið fram að samkvæmt 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuáráðsnefndarinnar er aðildarríki skyldt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykktar. Þessi skylda er tvíþætt. Í fyrsta lagi skulu aðildarríkin gefa ILO skýrslur reglulega um framkvæmd þeirra samþykktar sem þau hafa fullgilt. Í öðru lagi getur stjórnarnefnd ILO falið alþjóðavinnuáráðsnefndunni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjum um framkvæmd ákvæða í öðrum samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt.

Á síðasta ári undirbjó ILO nefndin skýrslur íslensku ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykktar:

Nr. 11, um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum,

nr. 58, um lágmarksaldur barna við sjómennsku,

nr. 91, um orlof með launum fyrir farmenn, og

nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.

Nefndin fjallaði um greinargerð sérfræðinganefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktar við skýrslur aðildarríkjanna, einkum þær athugasemdir sem nefndin hafði gert við skýrslur Íslands. Í greinargerðinni er að finna eina athugasemd við framkvæmd Íslands og hún snertir framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 105, um afnám nauðungarvinnu. Gerð er grein fyrir þessari athugasemd í meginmáli skýrslu félagsmálaráðherra um 75. Alþjóðavinnuáráðsþingið.

b. Skýrsla um Alþjóðavinnumálalöngingd 1987.

Meðal þeirra kvaða sem ríki undirgangast með aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni er að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálalöngingd hafa afgreitt. Á Íslandi er þetta ákvæði uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðherra gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálalöngingd. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir og tillögur sem löngingd hafa afgreitt. Á árinu 1988 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslu félagsmálaráðherra um 73. og 74. Alþjóðavinnumálalöngingd sem haldin voru árið 1987. Á fyrri löngingd var fyrri umræða til undirbúnings tveimur alþjóðasamþykktum, aðra um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi og hin um öryggi og hollustu í byggingariðnaði. Síðara löngingd var haldið um haustið og helgað málefnum skipverja. Þetta löngingd afgreiddi fjórar alþjóðasamþykktir, nr. 163, um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn, nr. 164, um heilsuvernd og læknishjálp við skipverja, og nr. 166, um heimsendingu skipverja. Enn fremur afgreiddi löngingd tvær tillögur, nr. 173, um aðbúnað skipverja á hafi úti og höfn, og nr. 174, um heimsendingu skipverja.

c. Önnur málefni sem snerta samskipti Íslands við ILO.

Á fundum nefndarinnar var fjallað um fjölmörg önnur atriði sem tengjast aðild Íslands að Alþjóðavinnumálastofnuninni og of langt er að rekja í stuttu yfirliti. Nefna má fundi sem nefndin hélt til að undirbúa þátttöku Íslands í 75. Alþjóðavinnumálalöngingd. Á fundunum var farið yfir skýrslur sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman til undirbúnings umræðum á löngingd.

Einnig hefur nefndin samið drög að svörum við spurningum um afstöðu Íslands til málefna sem verða til umfjöllunar á 76. Alþjóðavinnumálalöngingd 1989. Hér er fyrst fremst um það að ræða hvort semja eigi nýjar alþjóðasamþykktir um næturvinnu og um meðferð hættulegra efna á vinnustöðum.

Nefndin tók einnig þátt í að undirbúa heimsókn varaforstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Bertils Bolin, til Íslands dagana 27. til 30. ágúst. Varaforstjórinn átti fundi með félagsmálaráðherra og fulltrúum Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands.

d. Framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu.

Eins og kemur fram hér að framan fól félagsmálaráðherra, að höfðu samráði við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands, nefndinni í maí 1988 að fjalla um aðild Íslands að félagsmálasáttmála Evrópu. Jafnframt tók fulltrúi félagsmálaráðuneytisins sæti í nefnd Evrópuráðsins sem fjallar um framkvæmd sáttmálans. Meðal þess sem fjallað er um í sáttmálanum er réttur til vinnu, vinnuskilyrði, félaga og samningafrelsi, réttur barna og ungmenna til verndar, starfsþjálfun, heilsuvernd, félagslegt öryggi o.fl. Þess skal getið að Ísland hefur enn ekki fullgilt allar greinar sáttmálans.

Á árinu fór ILO nefndin yfir athugasemdir sem sérfræðinganefnd Evrópuráðsins gerði við skýrslu Íslands um framkvæmd félagsmálasáttmálans frá 1. janúar 1984 til 31. desember 1985. Í skýrslunni eru gerðar ýmsar athugasemdir og óskað eftir nánari upplýsingum um framkvæmd á ákvæðum sáttmálans. Síðastliðið haust var unnið að samantekt skýrslu fyrir árin 1986 og 1987 og var hún send Evrópuráðinu um síðustu áramót. Í næstu skýrslu ILO nefndarinnar verður gerð nánari grein fyrir athugasemdum sérfræðinganefndar Evrópuráðsins við framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu.